


HÚSAKÖNNUN HÓLMAVÍKUR

HANDRIT



GATA ehf
Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt
1997-2000

HANDRIT

HÚSAKÖNNUN HÓLMAVÍKUR

Gata ehf-arkitektapjónusta
Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt
Hólmavík-Reykjavík 1997-2000

Efnisyfirlit

Formáli Sveitarstjórn skrifar

Inngangur Húsfríðunarnefnd skrifar

1.kafli	Staðhættir
2.kafli	Þróunarsaga kaupsins
3.kafli	Byggingarhefð
4.kafli	Bæjarmynd
5.kafli	Varðveisluverð hús
6.kafli	Varðveisluverðar heildir
7.kafli	Niðurstaða
<u>8.kafli</u>	<u>Varðveisluaætlun</u>

Heimildaskrá

Myndir og kort:

- Loftmyndir Landmælinga Íslands
- Gamlar Ljósmyndir
- Nýrri ljósmyndir
- Skýringakort
- Uppdrættir
- Húsateikningar

Vinnuskjöl húsakönnunar (Fylgiskjöl)

- Byggingar á Hólmavík í aldursröð
- Yfirlit húsa í efsta varðveisluflokki
- Yfirlit húsakönnunar einstakra húsa
- Húsaskrá húsakönnunar (ásamt matslykli)

Formáli

Húsafríðunarnefnd ríkisins og sveitarstjórn skrifa formálann.

Í formála er gerð almenn grein fyrir tilgangi bæja- og húsakannana og útgáfu þeirra. Einnig ver að geta þess af hverju ráðist var í að gera könnunina. Höfunda einstakra kafla skal getið og hverjir hafi setið í undirbúningsnefndinni og komið að gerð bókarinnar.

Punktur sem þyrftu að koma fram:

- Húsakönnun þessi er unnin að beiðni Stefáns Gíslasonar þáverandi sveitarstjóra og var hafist handa í byrjun árs 1997. Hefur húsakönnunin því verið í vinnslu með hléum í rúm þrjú ár.
- Þessi húsakönnun er því unnin samkvæmt stefnumörkun sveitarfélagsins en í aðalskipulagi Hólmavíkur 1994-2014 segir í kafa 1.3.:
"Sveitarstjórn hefur áform um að láta gera deiliskipulag af elsta hluta kaupsinsins, þ.e. á Tanganum. Áður en deiliskipulagið er unnið telur sveitarstjórn rétt að fram fari húsakönnun á Hólmavík og tekur þar með undir skoðun Húsafríðunarnefndar. Þá yrði miðað við að endurnýja húsin á svæðinu eftir því sem raunhæft er og leggja áherslu á upprunalegan stíl húsa og umhverfis. Varðveislusjónarmið yrðu látin ráða eftir því sem kostur er á."
- Tilgangur bæja- og húsakannana er að tryggja, að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Inngangur

Húskönnun þessi er að mestu unnin samkvæmt leiðbeiningum Húsafríðunarnefndar ríkisins um gerð bæja- og húsakannanna. Fyrirmynd þeirrar aðferðar sem mælt er með í leiðbeiningum þessum er hin svokallaða SAVE-aðferð sem upprunnin er í Danmörku. (Survey of Architectural Values in the Environment) Aðferð þessi er þó ekki þróaðri en svo hérlendis að laga verður vinnubrögðin að staðháttum, stærð kaupþúns og umfangi húsakönnunnar og hefur það verið gert hér.

EKKI var skipuð sérstök undirbúningsnefnd vegna þessarar húsakönnunnar og var hún alfarið í höndum ráðgjafans, þ.e. Arinbjarnar Vilhjálmssonar arkitekts sem reyndi þó að upplýsa sveitarstjóra um framvindu og niðurstöður.

Húsakönnun samkvæmt SAVE-aðferðinni er skipt í þrjá áfanga eða þrep en þau eru:

1. Undirbúningsvinna (heimildaleit o.þ.h.)
2. Vettvangskönnun (skráning húsa, ljósmyndun, útekt o.þ.h.)
3. Handrit (staðfræði, varðveislumat, niðurstöður o.s.f.v.)

Þegar gera þarf húsakönnun í sveitarfélagi er tvennt sem skilgreina verður í upphafi en það er það svæði sem húsakönnun skal ná til og aldur húsanna sem tekin eru með í matið.

Ljóst var í upphafi að húsakönnunin skildi ná til **kaupþúnsins Hólmavíkur** og eru þau mörk án alls vafa. Hinsvegar væri mjög áhugavert að taka hús í sveitinni með inn í húsakönnunina og auka þar með við þekkingu á byggingararfi Steingrímsfjarðar og þessvegna sýslunnar allrar. Það er ljóst að þeir smiðir sem voru að störfum á Hólmavík reistu hús í sveitunum og eru þær byggingar því hluti af byggingarsögu héraðsins.

Þau tímamörk sem valin voru miðast við loftmynd sem fengin var hjá Landmælingum Íslands en hún var tekin **17.júní 1957**. Öll hús byggð fyrir þann tíma voru sem sagt tekin með í húsamatið og eru þau alls 71.

Einnig var gerður yfirlitslisti allra húsa sem reist voru fyrir þann dag bæði nústandandi húsa og þeirra sem einhverntíman voru reist og á þeim lista eru skráð 114 hús og standa 62 % þeirra enn.

Við öflun heimilda var víða leitað fanga eins og sjá má í heimildayfirliti en þó ver að nefna að Hólmavíkurbók Óla E. Björnssonar er aðalheimildarit þessarar húsakönnunnar og án hennar hefði vart verið hægt að fara í húsakönnun með þeim hætti og hér hefur verið gert. Bók þessi er mjög lofvert framtak af höfundi og sveitarstjón sem lét gefa bókina út.

Af þeim gögnum sem týnd voru til við gerð þessarar Húsakönnunar eru teikningar og minnispointar Rögnvaldar Ólafssonar af Gamla Barnaskólanum lang merkust og þá ekki hvað síst þar sem að aðrar upplýsingar um aðkomu hans að þessari húsbyggingu virðast hafa ekki fundist. Það hafði mikil áhrif á niðurstöðu húsamatsins. Páll Guðmundsson sem hefur umsjón með teikningasafni Húsameista ríkisins og annarra teikningasafna á Þjóðskjalasafni Íslands á heiðurinn af því að þessar teikningar voru dregnar fram í dagsljósið.

Einnig fundust afrit hjá Skipulagsstofnun af uppdrætti Ágústs Böðvarssonar frá 1944-45 ásamt skipulagstillögu og virtust þær teikningar ekki vera til á sveitarskrifstofunni á Hólmavík þegar leitað var fanga þar.

Þau skjöl sem fylgja með handriti þessarar húsakönnunnar er húsaskrá gömlu byggðarinnar þar sem að upplýsingar og mat einstakra húsa er skráð á þartilgerð eyðublöð. Þar eru ýmsar upplýsingar að finna um húsín og eru eyðublöð þeirra húsa sem fjarlægð voru á meðan á húsakönnuninni stóð látin fylgja með. Sú skrá nær til 71 húss og er því um 150 síður að umfangi. Fremst í þeirri skrá er matslykill sem skýrir það skráningarkerfi sem notað var.

Það er vonandi að húsakönnun þessi nái þeim tilgangi sínum að tryggja það ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggjarlist.

Niðurstöður þessar má nýta á margvíslegan hátt sem miða að því að viðhalda og bæta manngert umhverfi á Hólmavík og styrkja karaktereinkenni staðarins. Oft er um það rætt að gömlu húsín hafi ekki síst gildi fyrir uppbyggingu ferðapjónustunnar og er vissulega hægt að taka undir það. En gildi húsanna er ekki síst þeirra sem húa á Hólmavík þar sem að þau viðhalda hlýlegri útgeislun byggðarinnar og fjölbreytni umhverfisins. Þau gera bæinn mannlegri.

En meginniðurstaða þessarar könnunnar er sú að varðveilsugildi húsanna felst fyrst og fremst í þeirri heild sem varðveist hefur og er því ástæða til að leggja áherslu á að menn standi vörð um einkenni gamla kaupsins á Hólmavík.

1.kafli Staðhættir

1.a. Landslag

Kaupúnið Hólmavík stendur við vestanverðan Steingrímsfjörð í Strandasýslu og byggðist upphaflega í Kálfaneslandi í hinum forna Hrófbergshreppi. Í dag heitir sveitarfélagið Hólmavíkshreppur sem nær yfir Hrófbergshrepp hinn forna og Nauteyrarhrepp við Ísafjarðardjúp.

Steingrímsfjörður er um 28 km langur og um 7 km breiður í fjarðarmynni. Þar sem kaupúnið stendur liggur strandlengjan u.þ.b. í norður-suður en fjörðurinn sem gengur inn úr vestanverðum Húnaflóa beygir í hánorður fyrir miðjum firði á mótis við Tröllatungu og þrengist þar allnokkuð. Núverandi byggð stendur á undirlendi sunnan og austan undir lágu felli svokölluðum Kálfanesborgum (126 m.y.s.). Nyrst (austast) í byggðinni er lág sandeyri, Hólmarífstangi, en sunnar (vestar) er hærri tangi, svokallaður Höfði, og á milli þeirra er um 1 km breið vík sem kallast Hólmavík.

Nýrri byggðin sem byggist eftir 1970 er öll á Höfðanum og kallast þar Höfðahverfi en kjarni eldri byggðarinnar er á Hólmarífstanga en hún teygir sig einnig meðfram víkinni og upp í hjalla í Kálfanesborgum.

Áður fyrr var kletthólmi sem kallast Árnaklakkur eða Hólminn, skammt undan Hólmarífstanga og grunnt sund þar á milli, Hólmasund, en í á síðasta áratug var gerður þar brimvarnargarður sem tengir hólmann við tangann. Ysti hluti Hólmarífstangans sem er að mestu sandrif er kletthöfði sem kallast Rifshaus en ströndin á norðanverðum tanganum kallast Norðurfjara.

Fram undan Höfða, þ.e. tanganum vestan Hólmavíkur, er annar hólmi, Sandsker, sem tengist landi með rífi sem Sandrif heitir. Sennilegt er að vikin hljóti nafns sitt af þessum hólum beggja vegna.

Austanvert við miðja víkina framundan svokölluðum Brennuhól var berghamar sem kallaðist Klif en hefur að mestu verið sprengdur burt. Eftir að ströndin vestan við Klif byggðist skipti Klifið byggðinni í tvennt þar sem það gekk svo að segja í sjó fram. Milli Klifsins og Höfða er nokkuð aðbrátt og þar renna tveir litlir lækir til sjávar, Rósulækur næst Klifinu og Gulllækur næst Höfða.

Áður fyrr lá bílvegurinn meðfram ströndinni undir Kálfanesborgum en í dag liggur hann vestan þeirra um Ósðal. Fer því umferðin um þjóðveginn ekki í gegnum kaupúnið eins og áður fyrr. En þjóðleiðin frá fornu fari lá þó um Ósðal.

1.b. Veðurfar

Meðalárshiti mun vera um 3 C° á Hólmavík. Kaldasti mánuðurinn er febrúar með meðalhita um -1,8 C° en sá hlýjasti er júlí með 9,0 C°.

Samkvæmt vindmælingum á Hólmavík eru norðaustan og suðvestan áttir algengastar og er meðalvindhraði á bilinu 4,5 upp í 5,0 m/sek. Veðurhæð er mest í algengustu vindáttunum og er sennilegt að hvassviðri (8 vindstig) eða meira sé að jafnaði um 30 daga á ári, stormur (9 vindstig) eða meira 10-15 daga á ári og rok (10 vindstig) eða meira u.þ.b. 5 daga á ári. Skjól er nokkurt af Kálfanesborgum í norðanátt en heimamenn segja suðvestanáttir vera þær verstu.

Meðalársúrkorna er á milli 700 og 800 mm og er meðalfjöldi útkomudaga u.þ.b. 220 og þar af er fjöldi daga þar sem úrkoma er snjór að einhverju leyti 120.

2.kafli Þróunarsaga kaupþingsins.

2.a. Forsaga þéttbýlismyndunar á Hólmavík.

Hinn 3.janúar 1890 var Hólmavík lögilt sem verslunarstaður en fyrst um sinn komst þar ekki á föst búseta. Megin forsendurnar fyrir fyrstu byggð þar var þörfin fyrir fasta verslun við Steingrímsfjörð og hagstæð hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi í skjóli við Hólmarifstanga og hólmana þar fram undan.

Fram að þeim tíma var Hólmavík friðsæll staður undir Kálfnanesborgum utan þjóðbrautar. Einu mannvirkin á staðnum voru beitarhús Kálfnanesbænda á Rifshausnum sem voru lengi við lýði eftir að byggð festist þar.

Reyndar er þess getið í Ferðabók Ólafs Olavíusar frá 1775 að hafnarskilyrði séu góð við Hólmarif og þar sjáist "enn leifar af völundarhúsi, tveimur kringlóttum eldstæðum og 5 húsatóttum, sem annað hvort Írar eða Hamborgarmenn hafa átt fyrrum, og hafa þeir því sennilega rekið verslun hér eins og annarsstaðar". Getur Óli E.Björnsson höfundur Hólmavíkurbókar sér þess til að þau mannvirki hafi staðið u.þ.b. milli Brunngötu og Hafnarbrautar.

Utan og innan við Sandrif, fremst á Höfða, má enn sjá leifar mannvirkja sem sennilega eru smábátahróf sem Kálfnanesbændur hafa átt en verið gæti að þau tengdust lausakaupmennskunni í Skeljavík sem er litlu utar. Tóftir þessar sjást mjög greinilega á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1957.

Áður fyrr hafði aðeins ein fastaverslun verið í Strandasýslu, í Kúvíkum við Reykjarfjörð, og þurftu margir að sækja hana um langan veg. En um miðja 19.öld hófu menn að stunda lausakaupmennsku á Borðeyri við Hrítafjörð og í Steingrímsfirði við svokallaða Skeljavík rétt utan Hólmavíkur og var sá staður löggiltur sem verslunarstaður 1863. Sá kaupmaður sem mest verslaði þar var danskur, Clausen að nafni. Þeir sem sóttu verslun þangað voru aðallega bændur úr fjórum hreppum af sjö í Strandasýslu, þ.e. frá Kollafirði að sunnan til Bjarnarfjarðar að norðan. Mótar enn fyrir búðatóttum í Skeljavík.

Nokkrar deilur urðu um löggildingu verslunarstaðar í Skeljavík m.a. vegna formgalla uns það var samþykkt árið 1861 að uppfylltum þeim skilyrðum að þar yrðu settar upp a.m.k. tvær sölubúðir.

Litlu munaði að menn kæmu á fastri verslun í Skeljavík árið 1867 en það fór ekki betur en svo að skip sem flutti efnivið í fyrirhugað verslunarhús festist í haffs á Húnaflóa og liðaðist þar í sundur og fórst með öllum farni. Ekkert varð þá úr að Skeljavík byggðist og hefði þá byggðapróun við Steingrímsfjörð sennilega orðið með öðrum hætti. Kaupmaður þessi var einnig danskur og hét Christensen og settist hann síðar að í Hafnarfirði. Lausakaupmennska hélst þó áfram í Skeljavík fram undir 1890 en menn höfðu þó ávallt mikinn hug á því að koma á fastaverslun í héraðinu og fóru að beina sjónum sínum að Hólmarifi sem menn voru farnir að kalla Hólmavík þar sem að þar þótti tryggari höfn. Eftir að bændur höfðu hreyft við þessum málum varð það úr sem fyrr segir að Hólmavík varð löggiltur verslunarstaður 1890 en lausakaupmennska var þó stunduð í Skeljavík um sinn.

Þó svo að verslun hafi ekki hafist á Hólmavík fyrr en undir lok 19.aldar höfðu tvær fjölskyldur sest þar að um nokkura ára skeið í kringum 1880. Ásgeir Snæbjörnsson bjó þar 1878-1883 og reisti hann kot sitt þar sem nú stendur húsið Hvoll, eða Hafnarbraut 1 en engin ummerki eru sýnileg í dag um þetta fyrsta íbúðarhús Hólmavíkur. Á árunum 1884-1888 bjó Sigurður Sigurðsson smiður (Sigurður kirkjusmiður) á Hólmavík og reisti hann sitt hús yst á Höfða þar sem enn mótar

greinilega fyrir húsatóttum. Stendur þar minnisvarði sonar hans, Stefáns skálds frá Hvítadal, sem fæddist þar 1887 og er hann því með fyrstu börnum ef ekki það fyrsta sem fæddist á Hólmavík. Sigurður keypti bæ Ásgeirs, reif hann og byggði sinn bæ úr efniinu.

2.b. Upphaf byggðar á Hólmarifstanga, 1896-1900.

Árið 1895 var mæld út verslunar lóð á Hólmarifstanga og á henni byggði Björn Sigurðsson kaupmaður í Skarðsstöð við Breiðafjörð verslunarskúr sem hann hóf að versla í. Skömmu áður höfðu málsmetandi menn úr hópi bænda þar um slóðir lagt fast að Birni að hefja þar verslun þar sem að R.P. Riis kaupmaður sem keypt hafði Clausensverslun hugðist hætta verslun í Skeljavík.

Verslunarskúr Björn Sigurðssonar stóð sem næst þokkalegri lendingu í fjörunni og var hann löngum kallaður Langiskúr og stóð hann allt til ársins 1950 á horni Kópnesbrautar og Höfðagötu. Sigvaldi Guðmundsson segir svo í þáttum sínum um verslunarsögu Strandasýslu (Strandapóstur 14.árg): "Hvort R.P. Riis hefur fundist hann missa spón úr aski sínum er ekki ljóst, en sama haustið lét hann mæla sér út verslunarlóð á Hólmavík. Þá treysti Björn sér ekki í samkeppni við hann, kunnugan og vel þekktan mann. Seldi hann því Riis hús og vörubirgðir frá 1. janúar 1896." Árið 1896 eða 97 reisir svo Riis-verslun stórt og vandað timburhús sem enn stendur og hófst þá verslun hans á Hólmavík sem stóð til ársins 1929. Í Hólmavíkurbók og víða annarsstaðar er húsið talið byggt 1897 en Sigvaldi Guðmundsson segir það byggt 1896 og eins er það talið byggt það ár í Fasteignamatsskrá. Í Riishúsi var sölubúð, skrifstofa og íbúð handa verslunarstjóra. Stóð það vestan Langaskúrs og var svæðið milli þessara fyrstu bygginga Hólmavíkurborgar kallað Plássið og gengur undir því óopinbera heiti enn þann dag í dag. Hófst þá föst búseta á Hólmavík og má því segja að verslunarstjóri Riis-verslunar Jón Finnson (1870-1943) og kona hans Guðný Oddsdóttir (1874-1947) séu fyrstu íbúgar kaupfélagsins Hólmavíkur.

Rétt vestan Riishússins voru reist útihús sem tilheyrðu Riis-verslun, öll úr torfi og grjóti nema svokallað Íshús sem var portbyggt timburhús með svefnlofti. Ekki er vitað hvenær það hús var reist en það gæti vel verið reist sama ár og Riis-húsið eða einhverntíman fyrir 1906 og stóð það til 1980 þegar útihús voru rifin. Þess er getið í Hólmavíkurbók Óla E. Björnssonar (bls.267) að í fundargerð Verslunarfélags Steingrímsfjarðar frá 23.des. 1898 sé minnst á húskofa í eigu félagsins sem flytja eigi út í Rífið og gera brúklegan. Ekki er vitað um þennan skúr en á gömlum myndum standa tveir skúrar framan og austan við Kaupfélagshúsið, annar með einhalla þaki en hinn með risþaki og skorsteini. Lfklegra hlýtur þó að teljast að skúrinn sem stendur við bryggjuspórdinn sé umræddur skúr.

2.c. Félagsverslun bætist við 1900-1910.

Um aldamótin 1900-1901 stóðu því þrjú hús sem vitað er um með vissu: beitarhúsin, Langiskúr og Riishús og sennilega einnig húskofi verslunarfélagsins, íshús Riis og einhver útibús.

1902 reisti Verslunarfélag Steingrímsfjarðar (síðar Kaupfélag Steingrímsfjarðar) tvílyft verslunarhús sem stóð nokkru utar á tunganum þar sem síðar var kallað Höfðagata. Það hús brann ásamt nær öllum öðrum húsum Kaupfélagsins 1931. Fljótlega bættust við geymsluskúrar og pakkhús norðan og austan við Söludeildina. Árið eftir 1903 flutti Guðmundur læknir Scheving til Hólmavíkur og reisti þá þegar íbúðarhús þar sem hann starfrækti lækniþjónustu sína. Sama ár reisir Ari Gísli Magnússon lítið íbúðarhús sem varð sífnstöð 1908 þegar símalína Vestfjarða var lögð. Síðan þá var húsið kallað Stöðin og er nú Kópnesbraut 3b. Varð þá hlé á

húsbyggingum um nokkurra ára skeið nema hvað verið gæti að Pakkhús Riis-
verslunar hafi verið byggt á þessum árum.

1910 standa því auk skúrbygginga og útihúsa fimm hús á Hólmavík, tvö verslunarhús,
fshús, læknisbústaður og íbúðarhús og standa þau öll enn nema Kaupfélagshúsið og
Íshúsið. Fram undan báðum verslunarhúsunum voru trébryggjur, Riisbryggjan og
Kaupfélagsbryggjan. Hefur Hólmavíkurkaupþún þá fengið hlutverk sem aðsetur
opinberrar þjónustu auk þess að vera verslunarstaður þeirra tveggja
verslunarhreyfinga sem voru við lýði hérlandis um einnar aldar skeið.

2.d. Byggðin styrkist 1910-1920

1911 reisti Guðjón Brynjólfsson (1876-1914) stórhýsi úr steinsteypu, Steinhúsið,
Höfðagötu 1 og bjó þar og verslaði. Sama ár er reist viðbygging við Læknisbústaðinn
sem var notuð sem sjúkraskýli.

Árið 1913 voru byggð þrjú hús á staðnum. Árið 1910 hafði Hólmavík fengið enn eitt
þjónustuhlutverkið þegar að barnakennsla hófst þar og var fyrst í stað kennt í skúr í
eigu Verslunarfélagsins. En þetta sumar var gamli Barnaskólinn reistur norðan við
Plássið nálægt Norðurfjörrunni eftir teikningum Rögnvaldar Ólafssonar húsameistara.
Sama ár reisti Sigurjón Sigurðsson (f.1884) íbúðarhús sitt við Norðurfjöruna nokkuð
austan við Barnaskólann sem seinna var kallað Guðbjörnshús. Tók þá að móta fyrir
götu meðfram Norðurfjörrunni sem aldrei fékk opinbert heiti þar sem hún var horfin
áður enn götuheitum var komið á á Hólmavík. En Óli E. Björnsson segir hana kallaða
Gorgötu og tengist það eflaust starfsemi (úrgangi) sláturhúsanna.

Þriðja húsið sem reist var 1913 var íbúðarhús Guðjóns snikkara Jónssonar (1886-
1939) norðan og vestan við Barnaskólann sem síðar var kallað Björnshús, nú
Kópnesbraut 9.

Næsta sumar, 1914, reisti Tómas Brandsson starfsmaður Riis-verslunar (1883- ?)
reisulegt íbúðarhús sunnan Barnaskólans sem við hann var kennt en er nú
Kópnesbraut 4. Það ár hófst póstafgreiðsla á Hólmavík

1915 reisti Riis-verslun myndarlegt sláturhús á milli Steinhússins og Langaskúrs og
bættist þá kjötvinnsla við flóru atvinnulífsins. "Það var mikið umtöluð bygging, þótti
stórt hús, höll líkast" segir í Hólmavíkurbók. Sama ár er Hólmavíkurviti reistur á
Vitaklifi.

1916 er reisir Jón Árnason frá Fitjum í Staðarsveit sér kot inn með firðinum þar sem
áður hét Litlanes. Kallaði hann kotið Kópnes og var húsið útvörður íbúðarbyggðar
Hólmavíkur í norðri þangað til á síðasta áratug að reist voru íbúðarhús litlu utar.
Varð nú nokkurt hlé á húsbyggingum en frá 1920 til 1930 eru byggð að meðaltali
tæplega tvö hús á ári þannig að byggðin færir í vöxt þó hægfara sé.

Um 1920 byggði Verslunarfélag Steingrímsfjarðar einnig sláturhús norðan við
Kaupfélagshúsið. Sama ár byggði Anna Einarsdóttir sér lítið hús sunnan við Riis-
húsið og fór þá að móta fyrir Hafnarbraut til suðurs. Anna hafði þá búið í afþiljuðu
herbergi í Langaskúr í ein 20 ár og telst því til frumbyggja Hólmavíkur. Húsið var
flutt að Tröllatungu í heilu lagi árið 1966 og stendur þar enn. Þetta ár var gamla
Rafstöðin byggð sunnan Tómasarhúss og tóku þá Hólmvíkingar rafmagnið í þjónustu
sína.

2.e. Útgerðin eflist 1920-30

Árið 1920 standa því um 16 hús á Hólmavík auk skúrbygginga.

Mótar þá fyrir þeim göturýmum sem áttu eftir að styrkjast og opna skeifulaga svæðið
norðan við Plássið er orðið greinilegt en það hefur ekki breyst mikið til þessa dags.

Samkvæmt Fasteignamatí mun Hrólfsbraggi vera reistur 1921 framan við Kaupfélagshúsið e.t.v. í tengslum við útgerð mótorbátsins Skarphéðins og er hann þá fyrsta bygging á Hólmavík sem reist beinlínis vegna umsvifa við vélbátaútgerð. Hrólfsbraggi endurspeglar þannig þróun sem varð í sjávarbyggðum um allt land á þessum tíma. Athyglisvert er að svipaður skúr sést framan við Verslunarfélagshúsið á elstu myndum frá því skömmu eftir aldamót og gæti hann verið að stofni til sama byggingin þó ekki séu það nema tilgáta. En fornlegt yfirbragð og gluggagerð Hrólfsbragga útilokar það ekki. Óli E. Björnsson telur að Hrólfsbraggi gæti verið byggður fyrir 1921. Hrólfsbraggi var fluttur um set 1940 og rifinn sumarið 2000. Þetta sama ár byggja þeir "piparsveinar", Hjalti Einarsson smiður, Brynjólfur Brynjólfsson skósmiður og Guðmundur Jónsson, einhverskonar parhús norðanvert við sláturhús kaupfélagsins. Kallaðist það Piparmyllan og var annað hús svokallaða Gorgötu.

1922 byggir Hjalti Steingrímsson íbúðarhús sitt, Höfðagötu 7. Hjalti stundaði bæði trésmíðar og sjósókn og byggði hann fiskverkunarhús og skúra framan við hús sitt og er það með fyrstu vottum um sjávarútveg á Hólmavík ef frá er skilinn Hrólfsbraggi.

1923 byggir Guðmundur Magnússon vitavörður hús austan Guðbjörnshúss sem nefnt var Glaumbær.

1924 byggir Jón Jónsson söðlasmiður lítið íbúðarhús, Kópnesbraut 5, og næsta ár er byggt á lóðinni við hlið Riis-hússins, Kópnesbraut 1, sem kallaðist Albertshús. Bendiktshús, Höfðagata 5 er byggð 1926 og árið eftir byggir Guðjón snikkari steinsteypt íbúðarhús Hafnarbraut 18, þar sem hann bjó upp frá því. Það hús stóð alveg við fjöruna þannig að reisa þurfti sjóvarnargarð (bólverk) sem þá var nýmæli en ekki þótti ráðlegt að reisa húsið inn á túninu þar fyrir ofan því ekki viltu menn spilla þeim fáu ræktanlegu spildum sem voru á svæðinu.

1925 reisir Kaupfélagið steinsteypt pakkhús sunnan Höfðagötu gengt kaupfélagshúsinu.

1929 var byggt íshús úr torfi á Klifinu og þá risu tvö stór timburhús, Jónshús og Ráðaleysi sem var myndarlegt íbúðar og fiskverkunarhús sem mönnum þótti reist af mikilli bjartsýni á erfiðum tímum og þar af hlaust heitið.

Árið 1930 er hús Guðmundar Jónssonar byggt og íbúðarhúsið sem kallað var Strympa, bæði við "Gorgötu". Innmeð ströndinni í átt að Kópnesi byggði Ólafur Þórðarson sé lítið hús sem var kallað Láfahús og útihús sem síðar varð íbúðarhúsið að Kópnesbraut 11 a var einnig reist. Og í fyrsta skiptið eftir að kauptúnið byggðist er byggt utan við Klifið en fram að þeim tíma hafði Klifið verið eins og borgarmúr þar sem pósturinn blés í lúðurinn þegar hann kom til Hólmavíkur.

Milli 1930 og 40 voru reist að meðaltali um 3 hús á ári og götumyndir styrktust. Stöku hús er byggt við ströndina utan Klifsins en þar var byggðin strjál fyrst um sinn.

Það voru mest íbúðarhús sem reist voru en einnig stærri byggingar sem tengdust uppbyggingu atvinnulífs þ.e. vinnslu sjávar- og landbúnaðarafurða. Húsin voru ýmist úr timbri eða steinsteypu og nokkur þeirra voru flutt utan úr sveit t.d. ýmist rifin og byggð upp aftur eða fleytt í heilu lagi á sjó til Hólmavíkur.

2.f. Kreppuárin 1930-40

Í september 1931 varð stórbruni á Hólmavík og brunnu þá öll hús Kaupfélagsins nema Pakkhúsið sem stóð sunnan við Höfðagötu. Naumlega tókst að forða því að eldurinn breiddist út til annara húsa en á næstu árum voru hús Kaupfélagsins endurreist á sama stað. Það voru verslunarhúsið sjálft ásamt íbúð úr steinsteypu og sláturhús úr timbri áþekkt því sem brann.

1933 reisti kaupfélagið nýtt pakkhús austan við það sem slapp úr brunanum sem var stækkað til austurs 1940. Þá var Hrólfsbraggi fluttur vestur fyrir eldra pakkhúsið þar sem hann stóð til ársins 2000.

Ný símstöð var byggð 1935 að Hafnarbraut 31 og þangað fluttist afgreiðsla póstsins við sameiningu Pósts og síma.

1936 var myndarleg bryggja, Hafskipabryggjan, reist rétt utan við Klifið og uppaf henni timburplan og gerbreytti það allri útgerðaraðstöðu á Hólmavík. Athygli vekur að máttarstöðir þeirrar bryggju voru úr rekaviði.

1937 kaupir kaupfélagið eignir þær sem áður höfðu tilheyrt Riis-verslun.

Árið 1938 kaus Jóhann Salberg Sigurðsson fyrstur sýslumanna Strandasýslu að setjast að á Hólmavík og hafði hann sýsluskrifstofuna fyrst um sinn í húsi Hjalta Steingrímssonar, Höfðagötu 7, en árið 1940 er byggður sýslumannsbústaður rétt utan við Hvol sem hafði staðið þar frá 1933. Forveri Jóhanns í embætti hafði haft aðsetur á Borðeyri þannig að sýslumaður sat nú í miðri sýslu. Var Hólmavík þar með orðin aðsetur stjórnsýslu og óumdeildur höfuðstaður Strandasýslu.

Grafreitur var vígður á Kálfanesskeiði 1938 og gerði Guðjón Jónsson snikkari sáluhliðið og er handbragð hans greinilegt.

2.g. Tími stórbygginga 1940-50

Árið 1939 voru skráðir 319 íbúar á Hólmavík og eiga þeir flestir uppruna sinn að rekja til nágrannasveitanna. Árið 1943 er Hrólfsbergshrepp skipt hjá Ósá og er þá Hólmavíkurbreppur stofnsettur og tilheyrði honum kaптúnið og bæjirnir utan Ósár. Á stríðsárunum hélt uppbyggingin áfram og þá er reist myndarlegt hraðfrystihús norðan við gamla Riis-sláturhúsið sem var breytt í fiskmóttöku en það tengdist útflutningi á frystum fiskflökum sem hófst um þær mundir. Þá var niðursuðuverksmiðja reist neðan við Vitaklifið sem kallast Furuvellir. Nokkrir framtakssamir hólmvíkingar reistu Félagsheimili úr bragga sem fékkst hjá setuliðinu og merkileg bygging svokölluð gufubaðstofa reis inn við Kópnes.

Árið 1948 var gerður ófullkominn hafnargarður frá Rifshausnum út í Árnaklakk og tengdist það áformum um síldarverkunaraðstöðu sem ekkert varð úr.

1945 er í fyrsta sinn byggt úti á svokölluðum Bördum og er þá vitinn ekki lengur hæsta mannvirki kaптúnsins. Þar varð síðar Vitabraut og fleiri hús fylgdu í kjölfarið. Sólvangur 1946 og verkamannabústaðir 1949 sem voru fyrstu félagslegu íbúðir á Hólmavík.

Á árunum fram undir 1950 er mikið byggt af myndarlegum steinsteypuhúsum og munaði þar mest um opinberar framkvæmdir eins og byggingu barnaskólans úti á Bördum (1946-48) og læknisbústaðinn og sjúkrakýlið (1947-8) þar sem síðar varð Borgabraut. Báðar þessar byggingar voru teiknaðar hjá Húsameistara ríkisins og áritaðar af Guðjóni Samúelssyni.

Fyrsta húsið við Borgabraut (númer 2) var reist árið 1947 og strax árið eftir rís stórhýsi, Borgabraut 4, ásamt sjúkrahúsinu og hefur þessi gata yfirbragð nýrra tíma.

2.h. Dregur úr vexti 1950-1957

Upp úr 1950 hægir mjög á vexti kaптúnsins. Fram til 1957, sem er viðmiðunarár þessarar húsakönnunar, eru aðeins reist 8 mannvirki á Hólmavík en lang merkast þeirra er prestbústaðurinn hjá Kópnesi. Þverárvirkjun var reist og tók til starfa 1953 og var þá spennistöðin reist við hlið hraðfrystihússins. 1956 byggir Taffélag Hólmavíkur hús innarlega á Kópnesbraut yfir starfsemi sína og hefur það hús þá ?

3.kafli Byggingarhefð

3.a. Húsin segja sögu

Eins og títt er um bæi sem hafa haldist lítt breyttir frá upphafi, þá endurspeglar húsin á Hólmavík sögu bæjarins greinilega. Smæð kaupþúsins og jafn vöxtur gera það að verkum að það er hægt um vik að rekja sig í gegnum byggingarsögu landsins á afmörkuðu svæði og eiga flestar byggingarstefnur sem einkenndu tímabilið sinn fulltrúa. Og þar sem að Hólmavík byggist rétt fyrir aldamót þá má segja að hún fylgi öldinni og segi hennar sögu.

Þegar þéttbýliskjarnar tóku að myndast hérlendis varð það fyrst og fremst þar sem hagstæð hafnarskilyrði gerðu staðinn ákjósanlegan fyrir verslunarumsvif. Í kjölfarið fylgdu embættis- og iðnaðarmenn. Smám saman óx útgerðinni fiskur um hrygg sem dró til sín vinnuafli ásamt bættri opinberri þjónustu. Þannig var saga flestra kaupþúna á Íslandi og eins var með Hólmavík. Þannig endurspeglar byggðin á Hólmavík ekki aðeins sína eigin sögu heldur sögu íslenskrar þéttbýlismyndunar almennt.

Elstu húsin eru frá timburhúsaöld, innflutt tilsniðin, síðan hús sem eru smíðuð á staðnum af lærðum trésmiðum og fljótt taka hólmvíkingar steinsteypuna og bárujárnið í þjónustu sína. Trésmiðirnir byggja hús þar sem þeir þreifa sig áfram með ólíka byggingarstíla og sýna sjálfstæða listsköpun. Til glöggvunar eru nöfn höfunda húsanna, smíða og arkitekta, undirstrikuð.

Alþýða manna sem sest að á Hólmavík reisir sjálf hús sín og það stundum af vanefnum, ríkisvaldið setur einnig sitt mark á byggðina með stórbyggingum undir opinbera þjónustu. Síðasta orðið á síðan kirkjan sem reisir reisulegar byggingar undir starfsemi sína en þá er mjög farið að hægja á húsbyggingum.

3.b. Tilsniðin timburhús

Ríishúsið sem var byggt 1897 er elsta nústandandi hús bæjarins og það var flutt inn tilsniðið frá Noregi og gæti verið einhverskonar "katalóghús". Gerð þess er af ætt einfaldra timburhúsa með háu risi, upphaflega án kvista, og lágu veggjum.

Gluggarnir eru einpósta gluggar með tveimur þriggjarúða-römmum og sáust þannig gluggar aðeins þar, á Stóðinni og á Hrólfsbragga. Það var í upphafi með liggjandi vatnasklæðningu. Strax fyrir 1910 er búið að byggja við það pakkhús, klæða það bárujárni og setja á það myndarlegan miðjukvist með krosspóstagluggum sem eru einkennandi fyrir næsta tímabil, tímabil bárujárnsklæddra timburhúsa.

Hús Verslunarfélagsins, Söludeildin, sem var reist 1902 hafði annað yfirbragð en Ríishús, kassahús með stórum krosspóstgluggum en var reyndar úr tilhognum við frá Noregi og nú var bárujárnið komið til sögunnar. Urðu nokkrir örðugleikar í rekstri félagsins eftir þessa dýru húsbyggingu og varð þá þessi staka til:

Húsið heitir hrynjandi
hjá þjóðvegi standandi.
Það var byggt í bráðræði
bæði skuld og ráðleysi.

En Guðmundur læknir Scheving orti hinsvegar í léttari tón um kaupfélagið:

Söludeildin rokna rík
reisir hallir stórar.

?

merkilegu sérstöðu að vera eina hús á landinu sem byggt hefur verið yfir skákiðkun sem sumir vilja kalla þjóðarþrótt.

1951 bjuggu um 450 manns á Hólmavík en nú tók við tímabil langvarandi aflabrests og hnignunar sem stóð fram undir 1980. Þá kom verulegur vaxtakippur vegna stórauðinnar rækjuveiði í Húnaflóa sem stóð í um 10 ár. Þess vaxtar verður ekki gerð skil hér en þá var uppbyggingin mest í Höfðahverfi sem er sunnan og ofan við eldri byggð, allt að Kálfneslæk.

Ýmsar breytingar hafa orðið á umhverfi gömlu byggðarinnar og munar þar mest um landfyllingar á hafnarsvæðinu sem gerðar voru á síðasta áratug. 1972 voru svo að segja öll hús við Gorgötu, þ.e.a.s. sem ekki höfðu vikið fyrir nýja sláturhúsinu, rifin en mörg þeirra voru af vanefnum gerð og þótti víst mörgum hreinsun af. Auk þess var Norðurfjaran var orðin einskonar ruslahaugur með skipsflökum en mikil breyting varð á því eftir að hún var hreinsuð.

Árið 1987 var Hólmavíkurhreppur sameinaður Hrólfsbergshreppi, 1994 Nauteyrarhreppi við Ísafjardardjúp og bjuggu þá 526 manns í Hólmavíkurhreppi hinum nýja.

Herleg verður Hólmavík með höndlanirnar fjóra*. *(Riis-verslun, Söludeildin, Verslun Guðjóns Brynjólfssonar og ???)

Kaupfélagshúsið brann 1931 eins og fyrr segir.

Læknisbústaðurinn gamli og Stöðin sem eru reist sama ár, 1903, eru mjög ólík og bera vott um stéttskiptingu húsbyggjendanna. Læknisbústaðurinn gæti vel verið norskt katalóghús og er fyrsta húsið á Hólmavík þar sem vottar fyrir svætser-einkennum, portbyggt ris, krosspósta gluggar, bæði ein og tvípósta. Svætseráhrifin eru þó ekki sterk en það er klætt bárujárni og flokkast því stíllinn sem íslenskur bárujárns-svætser. Svætserstíllinn átti miklum vinsældum að fagna á þessum tíma bæði hér heima, í Noregi og víðar. Stíllinn er ættaður úr norskum timburverksmiðjum sem áttu sitt blómaskið í kjölfar iðnvæðingarinnar um miðja 19.öld. Áhrifin voru frá timburhúsahefð alpalanda og þessvegna var talað um svætserstíl (sbr. Sviss). Stöðin er fyrsta íbúðarhús á Hólmavík, einfalt lítið alþýðuhús, upphaflega hæð með portbyggðu risi. Á næstu árum er húsið stækkað eftir þörfum með bíslögum, viðbyggingu og rishæð og hefur haldið því formi fram til þessa dags. Það var eina húsið á Hólmavík sem var klætt með sléttu járni en var upphaflega timburklætt. Ekki er vitað um smíði þessara fyrstu húsa en þó má geta sér þess til að Jón Guðmundsson í Tungugróf (1873-1921) hafi komið að smíði þeirra. En nú fara hólmvísku húsasmiðirnir að koma fram í dagsljósið sem eiga sér áhugaverða og samfellda sögu.

3.c. Steinsteypan kemur til sögunnar

Og 1911 verða þau tímamót að fyrsta steinsteypa húsið er reist mitt á milli Riis-verslunar og Verslunarfélagsins. (Í víglínu verslunarveldanna og hefur kannski þessvegna ekki veitt af rammgerðri steinsteypunni) Þetta er í hópi fyrstu steinsteypuhúsa landsins og reist fyrir 1915 sem var tímamótaár í steinsteypuhúsaþróuninni þegar bruninn mikli varð í Reykjavík. Það er afar einfalt að allri gerð en klassískt að formi til eins og títt var um steinsteypuhús þeirra tíma, portbyggt á kjallara og samhverft með miðjukvisti. Því hefur verið breytt allnokkuð en var upphaflega með tvær útihurðir fyrir miðju. Yfirsíður þess var Jón Guðmundsson frá Tungugróf og aðstoðarmaður hans var Guðjón Jónsson (1886-1939) kallaður Guðjón snikkari og átti hann eftir að reisa mörg hús á Hólmavík. Í Hólmavíkurbók segir frá basli þeirra félaga við að eiga við steinsteypuna og urðu þeir að þreifa sig áfram enda vissu þeir ekki "hvernig þeir höfðu þetta fyrir sunnan". Ekki er vitað um neinar teikningar af húsinu svo sennilegt er að smiðirnir séu höfundar hússins. Það var þeirra hlutverka að útfæra ríkjandi byggingarmáta og eru þeir í senn arkitektar, verkfræðingar og smiðir eins og þá tíðkaðist. Því má tala um þá sem forsmiði. Og sama ár er byggt einlyft sjúkraskýli við læknisbústaðinn. 1913 eru þeir félagar enn á ferð og er Jón Guðmundsson þá yfirsíður við nýja barnaskólabyggingu en Guðjón byggir sitt eigið hús sem síðar var kallað Björnshús. Þau standa nærri hvert öðru en eru ólík að flestu leyti. Annað steinhús í háklassískum stíl en hitt bárujárnsklætt timburhús með skreytiverki í einhverskonar svætserstíl. Barnaskólinn er fyrsta hús bæjarins sem er teiknað af arkitekt svo vitað sé, Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara (1874-1917) en hann er almennt talinn fyrsti íslenski arkitektinn. Hann var á þeim árum ráðunautur landstjórnarinnar um húsagerð sem var forveri embættis húsameistara ríkisins. Á Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveittar kópúr af frumteikningum Rögnvaldar af Barnaskólanum sem eru um leið elstu varðveittu teikningar af húsi á Hólmavík og bera þær með sér vönduð og fagleg vinnubrögð sem einkenndi öll störf Rögnvaldar. Einnig eru varðveittur efnislisti

byggingarinnar með rithönd Rögnvaldar svo að sjá má hve mikið af efni var notað í bygginguna allt frá hampi í sementstunnur.

Húsið er í háklassískum anda og minnir jafnvel á lítið grískt hof en Jón hefur þó tekið sér það bessaeyfi að spegla upphaflegri teikningu og staðsetur húsið svo að segja algerlega í höfuðáttir nálægt vesturenda Norðurfjörunnar. Gluggarnir eru háir, 6 sunnanmegin og 3 norðanmegin, lofthæð mikil um 3,3 metrar. Fram til þessa hefur vitneskja um þátt Rögnvaldar Ólafssonar að þessari byggingu verið svo að segja gleymd. Þegar höfundur þessarar húsakönnunar fór að grennslast fyrir um teikningar tengdum Hólmavík á Þjóðskjalasafni fundust þessi "blueprint"-ljósrit í safni teikninga sem munu nýverið hafa borist þangað frá embætti Fræðslumálastjóra. Og þó að hér sé ekki um sjálft frumritið að ræða þá má þessi fundur teljast hinn merkilegasti.

Efnislistarnir fundust í bréfasafni Rögnvaldar.

Rögnvaldur teiknaði margar þekktar byggingar á tiltölulega stuttri starfsævi og má þar nefna Húsavíkurkirkju(1905), Vífilstaðaspítala(1910),Pósthúsið við Pósthússtræti (1914), Hvanneyrarskóla (1907), Hólaskóla (1905) og Edinborgarhúsið á Ísafirði. Og hann mun hafa teiknað nokkrar litlar skólabyggingar í líkingu við þetta hús en ennþá hefur fjöldi þeirra ekki verið tekinn saman. Á Eyrarbakka, Vestmanneyjum, Siglufirði, Patreksfirði, Eskifirði, Kjalarnesi og í Bessastaðahreppi voru reistir skólar eftir teikningum Rögnvaldar sem allir voru þó stærri en skólinn á Hólmavík. Björnshús er afar ólíkt barnaskólanum og má teljast sérstök bygging. Hefur Guðjón snikkari látið gamminn geysa við byggingu og hönnun hússins en þetta er frumraun hans í faginu. Skreytt tréverkið er mest áberandi ásamt miklum framskotsgafli sem ber húsið næstum ofurliði. Freistandi er að álykta sem svo að Guðjón hafi orðið fyrir áhrifum á Ísafirði þar sem hann nam iðn sína uppúr aldamótum en á þeim tíma var þar mikil gróska í byggingarlist forsmíða. Þó mun hann hafa verið í læri hjá Jóni frá Tungugróf sem þá var á Ísafirði. Skreytiverkið verður nokkuð á kostnað heildarhlutfalla en karakter hússins er sterkur og flokkast það hér sem bárujárnssvætser vegna tréverksins en það má þó setja spurningarmerki við þá flokkun. En Guðjón sýnir frumleika og sjálfstæði í listsköpun sinni, eiginleikar sem eru greinilegir í öllum þeim húsum sem hann átti eftir að leggja hönd á. Full ástæða væri til að safna saman upplýsingum um verk Guðjóns Jónssonar og rannsaka ævistarf hans með hliðsjón af byggingarsögu fyrri hluta 20. aldar.

En sama ár er annar smíður Magnús Magnússon (f. _____ -d. _____) (faðir Tryggva Magnússonar teiknara) að byggja hús fyrir hálfróður sinn Sigurjón Sigurðsson (kirkjusmiðs) starfsmann Verslunarfélagsins. Stóð það við Norðurfjöruna og var síðar nefnt Guðbjörnshús sem var afar einfalt að allri gerð, einlyft með lágu risi og lítið um listræna tilburði við þá byggingu. Það má segja að þar hafi verið gefinn tónninn fyrir önnur hús sem byggðust þar og voru "bakdyramegin" í kaптúninu við götuna sem aldrei hlaut opinbert heiti en var kölluð Gorgata. Það er horfið eins og önnur hús við Gorgötu og verður þeirra aðeins getið hér í framhjáhlaupi.

Jón Guðmundsson er yfirsniður að Tómasarhúsi árið 1914 og Guðjón snikkari með honum og það hús má flokka sem dæmigerðan bárujárnssvætser, glæsilegt íbúðarhús fyrir starfsmann Riis-verslunar.

1915 og 1916 koma útverðir kaптúnsins til sögunnar, grasbýlið Kópnes að norðan og Hólmavíkurviti að sunnan en bæði þessi hús hafa sérstöðu sem þau hafa haldið sér fram á þennan dag. Kópnes er eina nústandandi húsið innan bæjarmarkanna sem á rætur sínar að rekja til íslenska torfbæjarins og myndar það afar sérstaka heild með útihúsum og nánasta umhverfi. Það er athyglisvert dæmi um smábúskap í þéttbýli. Ekki er byggt fyrir sunnan vitann fyrr en 1931.

Og 1915 reisir Riis-verslun sláturhúsið sem enn stendur þó það sé ekki áberandi. Þetta var mikil bygging með stóru tvíkössspósta gluggum og eru þeir enn til staðar á austurhlíðinni.

Þessi tólf hús sem reist eru fyrir 1920 og standa enn og mynda tvær þyrpingar, þ.e. röðin frá Riishúsi að Steinhúsinu og síðan húsin við Kópnesbraut sem mynda skeiðulaga boga sem enn hefur lítið breyst.

3.d. Hús af ýmsum gerðum.

Íbúðarhúsin sem byggð eru milli 1920 og 30 standa öll við þær götur sem höfðu myndast en hlutu ekki heiti fyrr en löngu síðar. Allan tíman byggjast smá skúrar og útihús í kringum húsin og urðu þau mörg áður en skepnuhald og sjósókn lögðust af á heimilum bæjarins. Við Kópnesbraut er hús Jóns söðla byggt 1924 og Albertshús árið eftir og þá fyrst er hægt að tala um götumynd við Kópnesbraut þó svo að opna skeiðulaga rýmið þar fyrir norðan breytist ekki. Mikill stærðarmunur er á þessum húsum. Hús söðlasmiðsins er afar látlaust og smiður þess var Hjalti Einarsson (1889-1952) sem var lengi smiður á Hólmavík en hann var einnig smiður að litlu húsi Önnu Einarasdóttur sem stóð sunnan Riishúss. Kaupfélagsstjórinn Sigurjón Sigurðsson (kirkjusmiðs) lét byggja Albertshús og er það myndarlegt portbyggt timburhús á steinsteypum kjallara með svætserhúsa sniði, skrautverki og kössspóstgluggum. Magnús Magnússon sem áður hafði verið smiður að fyrra húsi hálfbróður síns hins látlausa Guðbjörnshúss sýnir að hann getur líka gert íborin og myndarleg hús. Sjálfur bjó hann síðan í húsinu sem mun vera byggt upp úr húsi sem Guðjón snikkari flutti frá Eyjum í Kaldrananeshreppi en ekki er ljóst hversu mikið gerð þess húss hafði á gerð Albertshúss. Í Hólmavíkurbók á bls.131 segir: "Albertshús var með síðustu timburhúsum sem byggt var á Hólmavík, áður en hnignunar fór að gæta sem kom fram í afnámi glugga og dyraskrauts og smækkandi byggingum."

Við Höfðagötu er Hjaltahús reist 1922 og er húshbyggjandinn Hjalti Steingrímsson (1882-_____) einnig titlaður smiður og kom að húshbygggingum ásamt þeim sem hafa verið tilgreindir. Hjaltahús er nokkuð sérstakt timburhús og þegar betur er að gáð þá er eins og hér sé komið Björnshús án risins og framskotsgaflsins. Ötrúlega völdugar útröppur eru á báðum þessum húsum en þær eru um leið andyri kjallarahæðar sem er lítið niðugrafinn. Guðbjörnshús var sömu ættar og þessi tvö hús. Benediktshús er reist 1926 og þar er Guðjón snikkari á ferð og bregður nú svo við að húsið er ekki portbyggt og uppfra því reisir hann engin portbyggt hús á Hólmavík. Hrólfsbraggi mun vera byggður 1921 þar sem nú stendur Austurhúsið og steinsteyppt pakkhús kaupfélagsins er reist 1925. Hrólfsbraggi hafði nokkuð fornlegt yfirbragð og er reistur sem sjóhús á staurum við fjöruborð og hefur hann sérstöðu að því leyti af þeim húsum sem enn standa.

Við Hafnarbraut gerist það helst á þriðja áratugnum að Ráðaleysi er reist við Riisbryggjuna 1929 og er það fyrsta stóra atvinnuhúsnæðið sem er sunnan götunnar og styrkir það götumyndina mjög. Það endurspeglar tilgang sinn og er einfalt að allri gerð.

Þegar Guðjón snikkari reisir sitt eigið íbúðarhús 1927 sýnir hann enn og aftur að hann hefur gaman af að þræða ótroðnar slóðir. Húsið er steinsteyppt í virkisstíl sem nokkuð hafði verið byggt af annarsstaðar á öðrum áratug aldarinnar.(t.d. á Arngerðareyri) Þakið var öfugt valmapak sem þótti mykið nýnæmi. Húsinu var breytt síðar og fékk hátt valmapak. 1929 er Jónshús byggt og enn er Guðjón snikkari yfirsmiður og er það síðasta stóra timburhúsið sem hann reisir á Hólmavík. Það er mjög áþekkt Benediktshúsi en öllu stærra.

3.e. Hús alþýðunnar og kreppuárin.

Og á þriðja áratugnum verður svo að segja öll Gorgatan til en fram að þeim tíma hafði aðeins Guðbjörnshús staðið þar. Þau voru auk skúra og útihúsa : Sláturhús V.S. 1920, Piparmyllan 1921, Glaumbær 1923, hús Guðmundar Jónssonar og Strympa 1930.

Mattfasarhús bættist í hópin 1933 og nýtt sláturhús kom í stað þess gamla eftir brunann 1931 en litlu mátti muna að eldurinn læsti sig í húsin og skúrana í Gorgötu. Þessi gata var því gata alþýðunnar, hinna látlausu en eins og fram hefur komið þá vék þessi gata fyrir hreinsunareldi og stórbyggingum á sjöunda og áttunda áratugnum.

Hús fjórða áratugarins, kreppuáranna, hafa það flest sammerkt að vera reist af vanefnum og hafa mörg þeirra ekki staðið tímans tönn eins vel og þau sem eldri eru. 1931 er þó reist myndarlegt steinsteypuhús við Höfðagötu, hús Magnúsar Lýðssonar. Yfirsmiðurinn er Guðjón snikkari en aðstoðarmaður hans er Valdimar Guðmundsson (1910-_____) sem kom að mörgum húsbyggingum upp frá því. Enn og aftur sýnir Guðjón áhuga sinn á að reyna við nýjan stíl og hann hefur öðlast sýnu meira öryggi við steinsteypuna en þegar hann og Jón í Tungugróf voru að baksa við Steinhúsið tuttugu árum áður. Skrautið á göflunum virðist vera útfærsla hans á þessu stílbrigði sem var nokkuð útbreytt á fyrstu áratugum steinsteyptra húsa á Íslandi og Hörður Ágústsson kallar "steinsteypuvillu" í bók sinni um íslenska byggingararfleifð. Þetta er eina húsið í kaptúninu með þessu lagi og önnur hús sem byggð voru á kreppuárunum er umtalsvert minni og látlusari en þetta myndarlega steinsteypuhús.

Utan við Magnúsar Lýðssonar hús byggjast þrjú steinsteypthús við Höfðagötu, hús Magnúsar Halldórssonar 1933, hús Guðmundar frá Bæ 1937 og Höfði 1939 sem er eina íbúðarhúsið sunnan götunnar. Drungi kreppuáranna verður því greinilegur í austurenda Höfðagötu, sérstaklega í húsum Magnúsar Halldórssonar og Guðmundar frá Bæ sem eru vægast sagt lítt innblásnar byggingar og er hús Magnúsar Lýðssonar af allt öðru sauðahúsi.

Til að bæta gráu ofan á svart brenna kaupfélagshúsin haustið 1931 en í kjölfarið rýsa ný hús, fyrst þakkhúsið (Austurhús) sunnan götunnar og síðan stórt Kaupfélagshús en þessi hús eru bæði steinsteypth og gerðarleg enda virðist kaupfélagið vera eini aðilinn sem hafði bolmagn til að reisa stórbyggingar á þessum árum. Aftan við Kaupfélagshúsið var síðan byggt sláturhús úr timbri eins og fyrr segir sem nú er horfið.

Lítið byggist við Kópnesbraut á kreppuárunum nema Brynjólfshús er reist 1931 og var það enn eitt húsið með einni hæð og risi og með miðjuskvisti en var breytt löngu síðar.

Innst á Kópnesbraut er Steinholt byggt upp úr húsi utan úr sveit og Dvöl 1930 sem hefur yfirbragð burstabæjar og styrkir því "sveitalegt" yfirbragð þessa hluta Kópnesbrautar ásamt Kópnesi sjálfu.

Á innsta hluta Hafnarbrautar gerist það á kreppuárunum að byggt er vestan Hafnarbrautar, svo að segja á túngarði Riis-túnsins og sýnir það tregðu manna til að spilla ræktanlegu landi að ekki skildi byggjast þar fyrr. Þessi hús voru Loftarhús 1933, Þórðarhús 1935 og Ormhús 1935 sem Valdimar Guðmundsson var smiður að Símsstöðin var reist 1935 og var Sigmundur Halldórsson (_____) smiður þessarar tímamótabyggingar. Árni Gestson reisir sér sjálfur lítið hús gengt Ormhúsi sem hæð var bætt ofan á síðar.

Það má því segja húsaröðin vestanmegin sé næstum öll verk Valdimars. En þó að hér sé um sama smið að ræða eru þau hvert með sínu sniði. Bárujármsklæddu timburhúsin Þórðarhús og Ormhús eru svipuð af grunnstærð en annað með meiri þakhalla og miðjukvist. Steinsteypthúsin eru aftur á móti ólík, Loftarhús er með klassísku sniði

og er í raun ekki ósvipað Ormshúsi og Þórðarhúsi að grunni en fær hátt valmaþak. Gluggar eru tvícrosspósta eins og á timburhúsunum en hvassir hymukvistir eru á þaki. Símtöðin hefur hinsvegar svipmót nýrra tíma. Hér sést í fyrsta sinn lágt valmaþak, liggjandi gluggar með langpóstum og hraunað yfirborðið útveggja. Fúnksistíllinn hélt innreið sína á Hólmavík með þessu húsi og vera má að teikningar af húsinu hafi verið fegnar á teiknistofu.

Það má því segja að Hafnarbrautin frá Klifi og að Riis-húsi sé frá tímabilinu 1927 til 35 að undanskildu hús Rafmagnsveitu ríkisins.

3.f. Nýjir tímar í húsagerð.

Fyrsta hús við Brunnagötu, hús Magnúsar Jónssonar er byggt 1937 og húsin sem þar standa eru byggð til 1945, allt valmaþaka-hús. Þau sem standa sunnan götunnar eru úr timbri. Innsta húsið sem Valdimar Guðmundsson byggði handa sjálfum sér 1938 komst í fréttirnar á síðasta áratug þegar að norðurgaflinn hrundi undan eigin þunga og var rífið í kjölfarið og er sennilega ein af fáum húsbyggingum hérlendis sem hafa hrunið af sjálfsdáðum. Eina íbúðarhúsið hinumegin götunnar er hús Péturs Bergsveinssonar sem Þorsteinn Jónsson () var smiður að. Það er dæmigert valma-fúnksíshús. Í lok heimstýrjaldarinnar síðari bætist Gamla félagsheimilið við húsin í götunni (stundum þó talin tilheyra Brekkugötu) en aðalsalurinn var braggi frá herstöðinni að Reykjum í Hrútafirði. Gamla félagsheimilið hefur þannig beina skírskotun í mannkynsöguna auk þess að vera óvenju sérkennileg og skemmtileg bygging sem hefur vakið athygli ýmissa manna, ekki síst í kvikmyndageiranum.

Brunnagötu mætti því kalla stríðsáragötu en innri hluta Hafnarbrautar kreppuáragötu. Annað sem einkennir þessar götur er að húsin standa mjög skipulega og þétt hvert upp að öðru og hefur þessi hluti byggðarinnar á Hólmariðstanga meiri þéttbýlisbrag en annarstaðar þar sem skipulagið mótast meir af ytri þáttum.

3.g. Utan Klifs og upp í Borgir

Á kreppuárunum er fyrst byggt utan Klifsins. Fyrsta húsið, samnefnt Klifinu, reis 1930 rétt utan þess en húsið var rífið um uppúr 1970. Það var einfalt bárujárnshús. En 1931 er Litla-Hella reist ásamt útihúsum miklu sunnar en önnur hús til þessa og varð það líkt og Kópnes eins og útvörður byggðarinnar. Það var einfalt portbyggt timburhús sem seinna var forskalað. Ekki er annars getið en að það hafi verið byggt á staðnum en það er nokkuð fornlegt að gerð. Önnur hús sem voru flutt til Hólmavíkur utan úr sveit voru nokkuð lík Litlu-Hellu og því freistandi að velja því fyrir sér hvort eins hefi verið með þetta hús. En því miður var Litla-Hella brennd á slökkviliðsæfingu í desember 1998. Hvoll reis 1933 á þeim stað þar sem bær Ásgeirs Snæbjörnssonar hafði staðið. Hann var í upphafi tvístafna einfalt timburhús með lágrí rishæð en því var síðar breytt og álmu til austurs bætt við þannig að nú er það þrístafna. Það er í dag fyrsta húsið af gömlu byggðinni sem mætir aðkomumönnum þegar ekið er inn á Hólmavík.

1940 er sýslumannsbústaðurinn reistur og er það athyglisvert að hann er staðsettur eins utarlega og raun ber vitni. Það er eins og að honum hafi verið fundinn staður á mótum þéttbýlis og dreifbýlis, svona eins og rétt til þess að gera mönnum í sveit og bæ jafnhátt undir höfði. Hann er reistur upp úr gamla bænum á Kálfanesi sem var þá rifinn en teikningar af húsinu eru áritaðar af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisog Guðstafi Pálssyni.

Innan við Litlu-Hellu stendur Grímeýjarhús en það var flutt þangað 1949 frá Hamarsbæli og er því eldra en tilgreint byggingarár. Það er einfalt porthyggt timburhús og um margt líkt húsum kreppuáranna Litlu-Hellu, Glaumbæ og Strympu. Innar á Hafnarbraut eru síðan reist myndarleg steinsteypð íbúðarhús, hús Þorsteins Jónssonar 1945 og hús Guðmundar Jónssonar og fleiri 1948. Þorsteinn Jónsson sem reisti þetta hús var lengi trésmiður á Hólmavík en þá voru vinnubrögðin farin að breytast, tími forsmiðanna liðinn. Ekki er vitað hvort teikningar af þessum húsum voru gerðar á teiknistofum en það er mjög sennilegt. Þessi vel byggðu valmápakahús eru dæmigerð steinsteypuhús þessara ára og eru enn í upprunalegri mynd.

Á þessum árum byggist fyrst við Borgabraut ofan við elstu byggðina. Hús Jóhanns Bergsveinssonar nýtur sín best og er garðurinn áberandi myndarlegur. Hin húsin eru stórbyggingar á mælikvarða Hólmavíkur en götumyndin ber svipmót uppgangsáranna eftir stríð.

Sama gildir um nýja barnaskólann sem var byggður 1946 úti á Börðum eftir teikningum árituðum af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Vitabraut 21 og 19 byggjast úti á Börðum um svipað leiti og svo Verkamannabústaðir 1949. Þannig færast þaðar byggðarinnar upp í Kálfanesborgir 10 til 20 metra hæð, það er í Refaholti og úti á Börðum á þessum árum eftir stríð.

3.h. Hólmavík verður kirkjustaður

Fram til 1950 er Hólmavíkursókn var stofnuð áttu hólmvíkingar sókn að Stað í Steingrímsfirði. 1953 var prestbústaðurinn byggður og er það eina íbúðarhúsið sem byggt var á sjötta áratugnum ásamt Bræðraborg. Arkitekt prestbústaðarins var Gunnar H. Ólafsson (1915-1959), bróðir sr. Andrésar Ólafssonar sem var prestur á Hólmavík frá 1948 til 1982, og var hann einnig höfundur Hólmavíkurkirkju sem reist var á Brennuhól ofan við Klifið á sjöunda áratugnum og vígð 23. maí 1968. Gunnar var athyglisverður arkitekt en lést langt fyrir aldur fram en hann var m.a. höfundur einnar af algengustu teikningunum í svokölluðu smáíbúðarhverfi í Reykjavík sem mörg hús voru byggð eftir. Hann var skipaður skipulagsstjóri í Reykjavík 1957.

Eftir að því tímabili lauk sem hér er til umfjöllunar tók við langt hlé í framkvæmdum sem stóð fram á níunda áratuginn er mest byggðist í Höfðahverfi en aðeins lítillega í gömlu byggðinni.

4.kaflí Bæjarmynd

4.a. Ráðandi þættir:

Það er form og lega landslagsins sem mestu ræður í bæjarmynd Hólmavíkur ásamt ríkjandi byggingarháttum á 20 öld.

Stærsti hluti gömlu byggðarinnar stendur á Hólmarífstanganum og síðan að sunnan meðfram ströndinni utan við Klifið og að norðan inn að Kópnesi. Yngsti hluti gömlu byggðarinnar er ofan við í Refaholti og úti á Börðum.

Klifið og Brennuhóllin þar upp af skipta byggðinni ákveðið upp og var kirkjunni valinn staður þar á hólnum. Er hún óvenju áberandi í bæjarmyndinni fyrir vikið og óviða glæsilegra kirkjustæði. Til marks um það var kirkjan á Brennuhólnum eina byggingin sem stendur í barnsminni þess er þetta ritar eftir stutta viðkomu á Hólmavík í fjölskylduferðalagi fyrir þrjátíu árum.

Á tanganum, eða á malarbornu rifinu, er landið svo að segja rennislétt og gott fyrir húsbyggingar (1 til 2 m.y.s.) Yst á tanganum er lár klettahöfði (4-6 m.y.s.) þar sem beitarhúsin stóðu upphaflega en byggðist í raun ekki fyrr en Fiskimjölsverksmiðjan reis þar 1948. Beggja vegna var sveigmynduð fjara með sjávarmöl þar sem auðvelt var að draga báta á land. Sunnan tangans var höfnin.

Efst á tanganum, næst Kálfanesborgum, hallar landi nokkuð upp að lágum klettum (u.þ.b. 3-5 m.y.s.) en ofan þeirra er Borgabraut í dag. Það svæði, þ.e.a.s. í hallanum frá Klifinu að þeim stað þar sem Björnshús stendur í dag hentaði best til túnrektar og voru menn lengi mjög tregir til að spilla því landi.

Utan við klif er aðbratt en nokkuð jafnbreið ræma (í u.þ.b. 5 m.y.s.) milli brekku og fjöru þar sem rými er fyrir veg og byggingar nær brekkunni. Á þremur stöðum voru þó lítil nes eða tangar, neðan Rósulækjar þar sem að Hafskipabryggjan kom síðar með timburplani og uppfyllingum, neðan Vitaklifs þar sem Furuvellir risu og rétt innan Gulllækjar þar sem Litla-Hella stóð.

Ofan við lág klettabelti eru svæði sem byggt var á eftir 1945, í Refaholti ofan við tangann og úti á Börðum utan við Klif.

En uppaf Höfða er landsvæði í um 10 til 17 m.y.s. inn að Kálfaneslæk þar sem að voru ræktaðir túnskikar hólmvíkinga áður fyrr og þar reis svokallað Höfðahverfi á nýfunda áratugnum.

Veðurfar virðist ekki hafa haft mikil áhrif á legu fyrstu húsanna Langaskúrs og Riis-húss sem standa með gaflana upp í helstu vindáttir, þ.e. suðvestan og norðaustan. Söludeildin var byggð þvert á þessa á og eins húsin sem byggjast meðfram fjörunni. Seinna koma húsin meðfram Höfðagötu (Neðri Tangi) sem standa öll þvert á fyrrnefndar vindáttir og skýla fyrir suðvestanáttinni sem mun vera verst vindátta.

4.b. Bæjarmynstur:

Bæjarmynstrið endurspeglar hina ráðandi þætti greinilega og þá fyrst og fremst landslagið. Því má skipta í aðalatriðum upp í tanga, strandlengju og hæðarhjalla. Byggðin á tanganum er mjög þétt en húsin dreifast síðan í röð meðfram ströndinni og eftir hjöllumum.

Tanginn skiptist síðan upp í þrjú greinanleg mynstur; gatan meðfram fjörunni, húsin í hallanum og húsin upp við Klifið.

Strandlengjan skiptist í svæðið utan Klifs og svæðið innan við Hólmarífstanga.

Hæðarhjallasvæðin eru tvö; Refaholt og Börð.

Stóra opna svæðið á milli húsanna í hallanum og húsanna framur á tanganum er mjög áberandi í bæjarmynstrinu. Syðsti hluti þess var kallað Plássið en sumstaðar virðist

allt þetta svæði vera kallað því nafn eins og tildæmis á örnefnakorti af Hólmavík. (Svæðið milli verslunarhúsanna í Kúvíkum var einnig kallað "pláss" skv. minningarbrotum Sveinsínu Ágústdóttur í 14.árg.Strandapóstsins) Sennilega hefur umsvifum verslunarinnar ekki veitt af athafnasvæði utanhúss fyrir fiskþurrkun og geymslustæði en hvort að það er ástæðan fyrir því að þetta opna svæði myndast skal ósagt látið.

Gatan meðfram fjörunni:

Fyrstu byggingarnar voru byggðar þar sem hagkvæmast var að reisa þær út frá noktun þeirra. Þannig reis Riishúsið við bestu lendinguna sem var um leið nálægt ræktanlegum skika, Jónstúni. Í malarbornum jarðvegi hefur einnig verið auðvelt að grafa grunn fyrir hlaðinn kjallara og slétt landið var að öllu leyti ákjósanlegt fyrir starfsemi verslunarinnar. Verslunarfélagið reisir hús sitt á næstbesta staðnum við höfnina og þar með er kominn vísir að fyrstu götunni og önnur hús sem reist eru þar fylgja fjöruborðinu. Pakkhús og hús sem tengjast útgerðinni eru hafnarmegin götunnar en íbúðar og verslunarhús eru landmegin af skiljanlegum ástæðum. Sláturhúsin koma síðan að húsabaki og ná því sem næst þvert yfir tangann. Bryggjurnar skutust síðan út á milli bygginganna sjávarmegin og allt miðaðist við að auðvelt væri að koma vörum og varningi til og frá skipsborði. Þær urðu þó aldrei fleiri en þrjár þegar mest var, Riis-bryggjan, Kaupfélagsbryggja og Hjaltabryggjan. Gatan meðfram fjörunni norðan megin, "Gorgata" fylgdi einnig fjörunni þeim megin en þó ekki eins greinilega og gatan sunnanmegin. Hún verður frekar til sem umferðartenging bak við húsin sem fyrir voru. Sú gata er horfin eins fram hefur komið.

Enn þann dag í dag má lesa legu sveigmyndaðarar fjörunnar út úr legu Hafnarbrautar innan Klifs og Höfðagötu. Sambærileg mynstur má lesa út úr götum eins og Hafnargötu í Reykjavík og Strandgötu í Hafnarfirði.

Húsin í hallanum:

Fyrsta íbúðarhúsið og læknisbústaðurinn rísa þar sem ræktanlegir skikar eru til staðar og fjær hafnar- og athafnasvæði Plássins. Enn þann dag í dag hafa þessi hús tünbletti að húsabaki sem ná upp að klettunum þó svo að það megi kallast ágætt byggingarland. Þar hefur tregðan til að spilla ræktanlegu landi lifað lengst. Lega húsanna ákvarðast síðan af hallanum, standa þvert á brekkuna, og eru þess vegna ekki samsíða. Þau minna þannig meir á byggingar í dreifbýli heldur en í skipulögðu þéttbýli.

En þar sem að Stöðin og Riis-húsið höfðu sömu stefnu byggjast húsin norðan við Riishúsið í beinu framhaldi af því og með sömu mænisstefnu. Þar verður því til götumynd Kópnesbrautar sem síðan leysist upp við Læknisbústaðinn.

Og "skipulagsleysi" þessa bæjarhluta gerir það að verkum að enn hafa tvö hús ekki hlotið götunúmer heldur hafa sín eigin opinberu nöfn; Bræðraborg og Snæfell. Eftir að útihús Riisverslunar og hús Önnu Einarsdóttur voru fjarlægð hefur svæðið milli Riishúss, félagsheimilisins og húsanna upp við Klifið verið óbyggt. Það er til boga fyrir bæjarmyndina og full ástæða er til að mæla með því að byggt verði á því svæði. Ef menn vilja viðhalda yfirbragði gömlu byggðarinnar en mikilvægt er að stærð, útlit og áferð þeirra húsa falli vel að húsunum sem fyrir eru.

Húsin upp við Klifið

Gamla leiðin frá Plássinu lá við fjörubakkan neðan við Jónstún, yfir Klifið og þaðan út ströndina upp á Höfða. Húsin sem byggjast þar upp úr 1925 lágu meðfram

fjörubakkanum. Þar með ákvarðast stefna húsanna sem risu handan götunnar og síðan húsanna sem risu við Brunngötu. Húsin og húsaraðirnar þrjár standa þétt saman og er þetta eini hluti gömlu byggðarinnar þar sem vottar fyrir einhverskonar þéttbýlisskipulagi með tveim samhliða götum og húsum á milli. Örmshús stendur síðan svo að segja utaní Klifinu og beint á móti hús Árna Gestssonar. Liggja þau samsíða götunni sem sveigir hér fyrir Klifið. Þau mynda einskonar hlið sín á milli og voru aðkomuleið inn í þorpið áður fyrr.

Strandlengjan utan Klífs

Frá Klifi að sýslumannsbústaðnum standa húsin með nokkuð jöfnu millibili upp við brekkuna og gatan framan við þau. Á þrem stöðum stóðu stök hús sjávarmegin götunnar, Litla-Hella, Furuvellir og húsin við hafskipabryggjuna en nú eru aðeins Furuvellir eftir.

Strandlengjan innan Hólmarífstanga

Leiðin inn með firði lá frá Plássinu um núverandi Kópnesbrant upp litla brekku milli Björnshúss og Brynjólfshúss og þar í átt að Kópnesi. Frá Björnshúsi að Gufubaðsstofunni ræðast húsin nokkuð ákveðið sitt hvora megin eins og landrými leyfir en á móts við Steinholt taka klettir við hlutverki húsanna í götumyndinni. Þar innan við minnir dreifið uppröðun húsanna meir á Hafnarbraut utan Klífs. Við enda leiðarinnar blasir við gedðekki mynd af koti á litlu nesi, Kópnes.

Húsin á Refaholti.

Þegar húsin taka að byggjast á Borgabraut raða menn húsunum meðfram brúninni og gatan er þar ofan við og skilur eftir pláss fyrir húsaröð sem byggðist síðar.

Húsin úti á Bórðum:

Hér er aðstaðan lík því sem er við Borgabraut en þó öllu rýmra. Göturnar Vitabraut og Skólabraut myndast síðan af sjálfu sér hvor á sínum hjallanum.

4.c. Aldur húsanna.

Í dag árið 2000 standa enn 75% þeirra húsa sem voru á Hólmanvík árið 1957. Og ef litið er á aldur núverandi húsa sést að aðeins Riis-húsið er síðan fyrr aldamót. Af þeim húsum sem byggð eru frá aldamótum fram til 1920 eru 64 % enn uppistandandi, af húsum byggðum frá 1921 til 30 enn 59 %, af húsum byggðum 1931-40 þ.e. kreppuárahusunum: 78%, af húsum byggðum 1941-50: 79 % og af húsum byggðum frá 1951-57 : 75 %.

Þetta þýðir að hólmvíkingar eiga enn 57 % þeirra húsa sem reist voru fyrir 1930.

4.d. Yfirbragð byggðarinnar:

Það eru ráðandi þættir, byggðarmynstur og aldur húsanna sem skapa þá bæjarmynd sem við blasir.

Þegar komið er til Hólmanvíkur af sjó og siglt inn í höfnina er það kirkjan á Brennuhól sem er eins og kóróna byggðarinnar og sést allstaðar til hennar í bænum og einnig langt að utan úr firði. Hún sést er einnig mjög áberandi þegar ekið er inn Hafnarbraut en þegar komið er niður brekkuna hjá Sýslumannsbústaðnum opnast sýn yfir gömlu byggðina.

Það er annað sem einnig vekur athygli þegar horft er yfir byggðina á Hólmavíki að miðjukvistar margra húsa endurtaka sig með nokkuð jöfnu málbili tengja byggðina saman.

Húsin eru flest af svipaðir stærð, lágur kjallari, hæð og ris og áferð þeirra er einnig mjög áþekk. Þókin eru flest risþök en önnur valmaþök næstum öll hafa skorstein. Atvinnuhúsnæðið á tanganum, fiskverkunarhús og sláturhús hafa vaxið mjög með tímanum en það er þó athyglisvert að þau þrengja sér ekki svo mjög inn í götumyndir nema við Kópnesbraut á einum stað. Þau standa líka svo að segja öll á sama svæðinu að baki minni húsa og mynda næstum eina samhangandi heild með Kaupfélagshúsinu. Götumyndir eru hafa enn mjög sterkan svip af eldri byggðinni. Sérstaklega göturými Hafnargötu og Höfðagötu frá Klifi og út að Riishaus og síðan Kópnesbraut frá Riishúsi að Kópnesi. Og "Plássíð" er síðan þar sem að þessi helstu göturými mætast og þar stendur aldursforseti húsanna, Riis-hús" á besta stað og sést langt að úr öllum áttum. Fremsti hluti Kópnesbrautar einkennist síðan mjög af opna svæðinu sem myndar skeiðulaga rými þar sem Björnshús fer mikið vægi.

Það eru því fjórar byggingar á Hólmavík sem njóta sín betur en aðrar, Kirkjan, Riis-hús, Björnshús og Kópnes. Sýslumannsbústaðurinn, Hvoll, Grímeyjarhús, Furuvellir, Kristjánsborgarhöll, Gunnarshús, Gamla félagsheimilið og Magnúsar Lýðssonarhús má einnig telja áberandi byggingar.

Það er einnig einkennandi fyrir Hólmavík að nýja og gamla byggðin eru í sitthvorum enda bæjarins sem eykur fjölbreytnina og gefur góða tilfinningu fyrir "miðbæjarkjarna" á tanganum.

Og allsstaðar er hafið nálægt og sýnin opnast svo að segja öll út fjörðinn á móti suðri og austri en Hólmavík stendur mjög fyrir miðjum firði og sést langt að.

5.kafli Varðveisluverð hús

Hús eða heildir geta verið varðveisluverð að ýmsum ástæðum en þau atriði sem þyngst vega á metunum eru byggingarlist, menningarsaga og umhverfisáhrif.

5.a. Dæmi um flokkun varðveisluverðra húsa:

Þar sem að í þessum kafla verður rætt um varðveislugildi hins byggða umhverfis á Hólmavík skulu hér týnd til nokkur dæmi um varðveisluflokka bygginga annarsstaðar á landinu sem menn ættu að kannast við.

Ákvörðun um að friða tiltekið hús eða stærri heildir taka menntamálaráðherra og húsafriðunarnefnd ríkisins.

Í megin dráttum má skipta varðveislugildi húsa upp í fjóra flokka sem eru

- a. friðuð hús (friðuð skv.34.gr.Þjóðminjalaga)
- b. hús með hátt varðveislu gildi (einkunn 1-3)
- c. hús með miðlungshátt varðveislugildi (einkunn 4-6)
- d. hús með lágt varðveislugildi (einkunn 7-9)

Friðuð hús: Pakkhúsið á Hofsósi.

Pakkhúsið var byggt var 1772 og hefur verið friðuð samkvæmt Þjóðminjalögum. Það er stokkbyggt vörugymsluhús og flutt tilsníðið til landsins. Það fær hæstu einkun í öllum flokkum og er sem friðuð hús í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Það sem þyngst vegur í þeirri ákvörðun að friða húsið er án vafa aldur þess og varðveisla. Varðveislugildi er því án vafa eins hátt og það getur verið og fær það einkun uppá 1.

Hús með mikið varðveislugildi (1-3): Laugavegur 2, Reykjavík

Timburhús þetta er byggt 1886 í klassískum anda með svokölluðu mansardpaki sem er dæmigert fyrir byggingarlist þess tíma. Það tengist verslunarsögu Reykjavíkur og fær því menningarsögulegt vægi. Það fær hæstu einkun fyrir umhverfislegt gildi þar sem það stendur á mjög áberandi stað á horni Laugavegar og Skólavörðustígs. Aðrir þættir vega ekki eins þungt.

Varðveislugildi er metið með einkunina 2.

Hús með miðlungs varðveislugildi (4-6): Grettisgata 31

Þetta íbúðar og verslunarhús er byggt 1947 undir vissum fúnkísstílláhrifum en fær ekki háa einkun fyrir byggingarlist. Það er nokkuð dæmigert fyrir þann tíma sem það er byggt á og gefur það því eitthvert menningarsögulegt gildi. En það fær ekki háa umhverfiseinkun þar sem það gnæfir mjög yfir lága byggðina í kring.

Varðveislugildi er því ekki hátt með einkunina 5.

Hús með lágt varðveislugildi(7-9):

XXXX

5.b. Varðveisluverðar byggingar á Hólmavík

Í því mati sem fór fram vegna gerðar þessarar húsakönnunnar eru það alls 24 hús af þeim 71 sem tekin voru sem fylla efsta flokk (einkunn 1-3) og teljast styrkhæf til úr Húsafriðunarsjóði.

Enn sem komið er er ekkert friðað hús á Hólmavík og ekki ástæða eins og er að mæla með því. Þó mætti skoða hvort ástæða sé til að friða barnaskólahúsið þó svo að gerðar hafi verið á því talsverðar breytingar. Það sem er hinsvegar óvenjulegt við það hús er að varðveist hafa teikningar og efnislistar af hendi arkitektsins og ætti það að auðvelda mjög nákvæma endurgerð hússins.

Aðeins eitt hús, gamla barnaskólahúsið, fær hér fyrstu einkunn en Riishús, Kópnes, Stöðin, Björnshús, Gunnarshús, Steinhúsið og Tómasarhús fylgja þar fast á eftir með aðra einkun.

16 hús eru síðan með þriðju einkunn. Það eru því 33,8 % húsa sem byggð eru fyrir 1957 og enn standa sem fylla efsta flokk.

Þau hús sem veruleg eftirsjá er eftir að mati höfundar eru í raun ekki mörg en það eru Litla Hella(-1998), Klífið(-1970), hús Önnu Einarsdóttur(-1966), Hrólfsbraggi (-2000) og Söludeildin (-1931) en þau hús hefðu öll komist í efsta flokk.

Eftirsjá má teljast eftir ýmsum þáttum sem hefðu styrkt heildarmyndina eins og Gorgatan eða fjaran sunnan á Hólmarifstanga sem horfin er undir landfyllingar við höfnina. En ekki verður bæði haft og sparað í þeim efnum frekar en öðrum.

Og reyndar mætti endurheimta hús Önnu Einarsdóttur frá Tröllatungu ef áhugi væri fyrir hendi. Þannig mætti halda nafni hennar á lofti en hún er í einn allra fyrsti íbúi Hólmavíkur eins og fram hefur komið.

Það kann eftirvill að vekja athygli að hús eins og Gamla félagsheimilið og Gufubaðsstofan lendi hér í flokki húsa með mikið varðveilsugildi. Það er þó niðurstaða þessarar húsakönnunar og full ástæða til að leggja áherslu á að farið verði varlega þegar ákvarðanir um framtíð þeirra verða teknar.

Af þessum 71 húsi eru það 12 sem fylla neðsta flokk matsins, húsa með lágt varðveislugildi, en það eru tæp 17 % húsanna.

Rétt tæpur helmingur húsanna (49.3 %) teljast því með miðlungs hátt varðveislugildi. Og meðaleinkun varðveislugildis gömlu húsanna á Hólmavík er 4,4.

Hús með hæstu einkun(1): Gamli barnaskólinn. (Kópnesbraut "4b")

Gamli barnaskólinn er í menningarsögulegu tilliti merkasta hús kaupsinsins.

Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði húsið, teikn.dags. 5.3.1913 en hann telst fyrsti arkitekt Íslendinga. Hér fór fram barnakennsla í fjóra áratugi auk þess sem húsið var nýtt undir samkomur, leiksýningar, fundahöld og guðsþjónustur. Gerð þess ber upphaflegri nýtingu þess glöggvitni þó svo það hafi þjónað sem slökkvistöð í hálfa öld. Hér var fyrsta leiksýning á Hólmavík sett upp 1925 (Skugga-Sveinn). Það er næstelsta steinsteypuhús bæjarins eftir Steinhúsinu sem er tveim árum eldra. Upphaflega voru aðeins einar dyr á vesturgafli. Efnislistar sem tengist byggingu skólans eru til í safni R.Ó. á Þjaksafni. Ekki hafa smíðirnir þó farið alfarið eftir teikningunni því þeir hafa speglað henni til að fá hentugri birtuskilyrði. Til eru teikningar frá Húsam. ríkisins merktar Guðjóni Samúelssyni frá árinu 1920 af heimavist sambyggðri við skólann, tveggja hæða húsi. Húsið fær hæstu einkunn fyrir byggingarlist og menningarsögu. Varðveislugildi barnaskólahússins er mjög mikið og hlýtur það einkun 1. Skoða þyrfti hvort ástæða sé til að mæla með friðun hússins.

Hús með mikið varðveislugildi (1-3): Björnshús (Kópnesbraut 9)

Björnshús er með athyglisverðustu húsum á Hólmavík og er mjög áberandi í bæjarmyndinni vegna legu sinnar. Það er byggt af Guðjóni Jónssyni snikkara og elsta hús hans á Hólmavík og ber listfengi hans vitni eins og önnur hús sem hann byggði. Tréverk hússins er það sem vekur helst athygli manns ásamt óvenjulegum hlutföllum. Það er hér flokkað sem bárujárnssvætser-hús og veldur því fyrst og fremst tréverkið. Í rauninni er það einfalt timburhús sem hefur fengið mikinn og háan framskotsgafl og framan á hann settar voldugar útitróppur og gefur þetta húsinu skemmtilega sérkennilegan blæ. Fyrrum var hlífðarhurð á framdyrum með litlu opi. Húsið hefur vægi í sögu íslenskrar dægurtónlistar á 20.öld þar sem að Gunnar Þórðarson sem án efa er einhver þekktasti listamaður á því sviði fæddist í húsinu. Hann hefur nú fest kaup á húsinu og hyggst gera það upp. Húsið fær 3 fyrir byggingarlist en 1 fyrir menningarsögu og umhverfisvægi.

Hús með miðlungs varðveislugildi (4-6): Sýslumannshúsið (Hafnarbraut 2)

Sýslumannshúsið er nokkuð reisulegt á að lýta og skiptir þar staðsetningin mestu. Lega þess utanvert við þorpið gefur því valdsmannslega stöðu innan bæjarmyndarinnar. Fellur lega hússins skemmtilega saman við hlutverk embættisins sem það hýsir. Byggingin var að hluta til reist úr efni sem fékkst úr íbúðarhúsinu á Kálfaesi sem var rífið árið 1940. Byggingin er að öðru leyti látlaus en viðbyggingin sunnanvið lýtir það nokkuð. Húsið hefur nýlega verið gert upp. Húsið er hannað á teiknistofu Húsameistara ríkisins og eru þær dagsettar í nóvember 1939 og undirritaðar af Guðjóni Samúelssyni og Gústaf Pálssyni. Teikningu af viðbyggingu árin 1964-65 undirritar Hörður Bjarnason. Yfirsíður við bygginguna var Haraldur Guðmundsson frá Stóru Háeyri á Eyrabakka. Húsið hlýtur ekki háa einkun fyrir byggingarlist, meir fyrir menningarsögu en mest fyrir umhverfi þar sem það er mjög áberandi í bæjarmyndinni.

Hús með lágt varðveislugildi (7-9): Hús Gunnlaugs Magnússonar (Kópnesbraut 12)

Húsið stendur nálægt fjöruborði neðan Kópnesbrautar. Þangað var því fleytt í heilu lagi frá Selströnd árið 1948. Það getur ekki talist tímamótaverk í byggingarlist en er þó hluti af hefðbundinni götumynd innri hluta Kópnesbrautar og telst fábreytt alþýðuhús af einföldustu gerð. Það hlýtur því lága heildareinkun í þeim flokkum sem þyngst vega og varðveislugildi þess telst ekki mikið. Það þýðir þó ekki að húsið geti ekki haft huglægt gildi fyrir þá sem það þekkja.

5.c. Hús í hættu.

Með tilliti til sjónarmiða húsverndar er ástæða til að minnast á nokkur hús sem sennilegt er að séu í umtalsverðri "hættu" að verða rífin niður.

Á meðan að unnið hefur verið að þessari húsakönnun hafa tvö hús verið fjarlægð sem hefðu fengið háa einkun í varðveislumati, Litla-Hella og Hrólfsbraggi. Ekki er þar með sagt að niðurstaða húsakönnunar hafi breytt nokkru þar um en það hefði ekki endilega að fara eins og fór ef áherslur hefðu verið aðrar.

Allar byggingar sem byggðar eru fyrir 1918 njóta þó verndar samkvæmt 36.gr. Þjóðminjalaga en þar segir:

"Skýlt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1918, að tilkynna minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa."

Sérstaklega er ásaðað til að benda á Kópnes sem lætur ekki mikið yfir sér og er í slæmu tæknilegu ástandi. Af því yrði mikil eftirsjá.

Önnur hús sem mætti setja á "váklista" eru Riis-sláturhús, Steinhúsið, Gunnarshús og Ráðaleysi. Öll þessi hús ættu að falla undir 36. grein þjóðminjalaganna nema Ráðaleysi. (þar sem að Gunnarshús er mjög gamalt aðflutt hús)
Varðveislugildi þessara húsa í núverandi ástandi er ekki augljóst og er hætt við að þau gætu átt eftir að víkja fyrir framkvæmdum af ýmsum toga.
Tildæmis væri mjög miður ef Gunnarshús og Ráðaleysi væri látin víkja vegna tengingar Kópnesbrautar og nýju götunnar á landfyllingu við höfnina. Það myndi vera mjög slæmt fyrir núverandi götumynd Hafnargötu og einnig hafa slæm veðurfarsleg áhrif fyrir Plássið þar sem að það yrði alveg opið fyrir suðvestanátt.

Þétt byggðin á Hólmarifstanga er áhugaverð sem heilsteypt íslenskt kaupþún sem vaxið hefur á 20.öld. Gamli bæjarkjarninn hefur haldið lítið breyttur í hálfa öld og þar til fyrir skömmu síðan voru meira að segja litir húsa, gulbrúnir veggir og rústrauð þök eins og þeir tíðkuðust áður fyrr. Ef hólmvíkingum tækist að halda þeim litum væri það mikilsvert í sjálfu sér.

Landfræðilegar aðstæður urðu til þess að nýrri byggð í kaupþúninu byggðist nokkuð frá eldri byggðinni og hefur það valdið því að umgjörð gamla kjarnans hefur ekki breyst mikið.

Eins og algengt er með eldri byggð þá blandast hér saman íbúðar-, þjónustu og iðnaðarhúsnæði og einkennir það enn þann dag í dag byggðina á Hólmarifstanga. Gamli bæjarhlutinn er því langt frá því að vera dauður.

Benda má á að það er blönduð nýting húsa eins af þessu tagi sem er í dag talinn ein besta leiðin í skipulagi til að skapa manneskjulegt og aðlaðandi umhverfi.

Þegar reynt er að meta varðveislugildi byggðarinnar sem heildar eru götumyndir eða öllu heldur göturými þeir þættir sem þyngst vega.

Þau göturými sem áhugaverðust eru á Hólmavík útfrá sjónarmiðum varðveislumatsins eru Hafnarbraut innan Klifs, Höfðagata, Plássið og opna skeifulaga svæðið á Kópnesbraut sem sumir hafa talið að væri líka hluti af Plássinu. Á skipulagsupprætti hafa þessi rými form sem minnir á herðatré. Hér eru óvenju heilsteypt og mikilsverð bæjarheild sem full ástæða er til að sé gefinn gaumur.

Kjarna þessa svæðis mynda hús sem byggð eru fyrir 1918 sem þýðir að þau hafa sérstaka stöðu gagnvart húsverndarlögum. Og við það stendur hús eftir fyrsta arkitekt þjóðarinnar og fæðingarhús fyrsta bítilsins þannig að menningarleg fjölbreytni er til staðar.

Öll húsin við þessi rými styrkja heildarmyndina hvert fyrir sig og væri eftirsjá af þeim öllum af þeirri ástæðu þó að innbyrðis séu þau misjöfn að gæðum út frá öðrum sjónarmiðum. Sérstaklega er ástæða til að óttast um götumynd Hafnarbrautar og Höfðagötu sunnanmegin sem frekar væri ástæða til að styrkja þar sem auð svæði eru. Gamla "hliðið" sem lá inn í byggðina, þ.e. milli Ormshúss og húss Árna Geststonar á Klifinu er mikilsverður staður útfrá heildarmyndinni.

Það sem einkennir mjög byggðina á Hólmarifstanga er þéttleiki hennar sem er nokkuð mikill. Auða svæðið sem nú er framan við Gamla félagsheimilið dregur nokkuð úr heildarþéttleika og mætti vel byggja þar tvö til þrjú hús sem féllu vel að byggðinni. Hús Önnu Einarsdóttur sem eitt sinn stóð við Hafnarbraut milli Riishúss og Loftarhúss er enn til í Tröllatungu og mætt kannski skoða það hvort það væri hægt að flytja það á upphaflegan stað og gera upp í upprunalegri mynd.

Innsti hluti Kópnesbrautar er einnig athyglisverður og er Kópnes þar í aðalhlutverki en Dvöl styrkir heildarmyndina. Þar er gatan gatan eða öllu heldur vegurinn hluti af myndinni en honum hefur ekki verið hróflað mikið sem að alfaraleið liggur ekki lengur hér í gegn. Í umræðu hefur verið að varðveita hluta af gömlum þjóðvegum og er gamli þjóðvegurinn frá Hólmavík inn að Ósi athyglisverður í því samhengi.

Hafnarbraut frá Sýslumannsbústað og inn að Vitaklifi er þétt byggð og athyglisverðasta samhangandi heildin eru húsin númer 15 og 17. Ekki er beint hægt að tala um göturými eftir að Litla-Hella hvarf en vel hefur tekist að viðhalda og

styrkja þéttleika byggðarinnar með nýbyggingum. Svæðið frá Vitaklifi að Klifi er þó orðið nokkuð gisið og slítur í byggðina óþarflega mikið í sundur.

Ástæða væri til að leggja áherslu á í deiliskipulagi gömlu byggðarinnar að ný hús sem byggð verða styrktu heildarmyndina sem er megin styrkur byggðarinnar út frá sjónarmiði húsverndar. Æskilegt er að byggt verði á auðum svæðum til að endurheimta þéttleika byggðarinnar. Þó þyrfti að hafa í huga að hlutföll, mælikvarði, áferð og einkenni húsanna ofbjóði ekki núverandi byggð.

7.kafli

Niðurstaða húsakönnunar

Til þessa dags hefur heilstæð saga íslenskrar húsagerðar ekki enn verið skráð þó svo að það efni sem aðgengilegt er í sé ómetanlegt. Á engan er hallað þó að nafn Harðar Ágústssonar sér nefnt í því sambandi þar sem að æfistarf hans á sviði er algert brautryðjendastarf á sviði byggingarsagnfræði.

Það má því líta þessa húsakönnun sem frumvinnu á sviði byggingarrannsóknna og verður ekki hvað síst mikilvæg þegar fleiri húsakannanir í íslenskum byggðarlögum liggja fyrir. Þó þetta sé aðeins lítið brot af íslenskr byggingararfleifð að þá er þetta eitt af mörgum sem þurfa að vera til staðar þannig að hægt verði að fylla upp í heildarmyndina.

Þegar litið er yfir vinnuferil þessarar húsakönnunar er ljóst að afraksturinn er æði margþættur. Nauðsynlegt var að fara í söfnun gagna sem geta varla talist aðgengileg í stofnunum landsins og sumar mikilvægar upplýsingar sem höfðu áhrif á varðveislumatið uppgötvuðist nánast af tilviljun.

Ef minnast ætti á eitthvað eitt fremur en annað sem kom á óvart þá var það fundur ganga um Gamla barnaskólann sem í raun breytti honum úr frekar ómerkilegri slökkvistöð í byggingu með vægi í íslenskri bygginarsögu. Einnig má nefna að Gunnarshús á sér merkilega sögu sem ástæða væri til að kanna frekar.

Þar sem að ekki liggja fyrir margar niðurstöður úr húsakönnunum á öðrum sambærilegum kauptúnum er erfitt að meta stöðu Hólmavíkur nema út frá tilfinningunni einni saman. Þannig virðist Hólmavík fljótt á litið svipa til vestfirskra sjávarþorpa þar sem þéttur byggðarkjarni er allur á lítilli sandeyri en ef betur er að gáð sést að bærinn á sín sérkenni. Til dæmis er saga Hólmavíkur er frekar stutt og þáttur þjónustu við landbúnað virðist stór í samanburði við sjávarútveg. Síðan skapast sérstaðan líka við þátt einstakra einstaklinga sem höfðu áhrif á bæjarmyndina. Þar ber nafn Guðjóns snikkara hæst sem hefur skilið eftir sig áberandi spor í bæjarmyndinni. Ástæða væri til að gera frekari rannsókn á ævistarfi Guðjóns því hann hefur eflaust komið að smíði annara húsa þar um slóðir en ýmis hús gætu verið hans verk eins og í þorpum eða á Arngerðareyri án þess að hægt sé að fullyrða um það.

Ef skoðuð er meðaleinkunn húsanna í þessari húsakönnun með tilliti til varðveislugildis er hún kannski ekki svo há, eða 4,4 sem jafngildir miðlungsháu varðveislumati. En það þýðir hinsvegar ekki að varðveislugildi byggðarinnar sem heildar sé það sama. Varðveislugildi einstakra húsa er minna ef þau eru metin ein og sér en sem hluti af heildinni eykst það til muna.

Meginniðurstaða þessarar húsakönnunar er því sú að varðveislugildi gömlu byggðarinnar á Hólmavík sé fyrst og fremst vegna þeirrar heildarmyndar sem varðveist hefur.

Og það varðveislugildi er mikið útfrá sjónarmiðum húsfríðunar.

8.kafli

Varðveisluáætlun

Í kaflanum á að rekja hvaða varðveislu áætlun hefur verið fylgt í sveitarfélaginu. Einnig á að skýra hvernig sveitarstjórnin ætlar að nota niðurstöður bæjar-og húsakönnunarinnar við gerð aðal-og deiliskipulags.

Heimildaskrá

Hólmavíkurbók	Óli E. Björnsson	1990
Strandamannabók	Pétur Jónsson frá Sökkum	1947
Strandamenn.æviskrár 1703-1953	Jón Guðnason	1955
Aðalskipulag Hólmavíkur	Benedikt Björnsson arkitekt	1995
Íslensk byggingaarleifð	Hörður Ágústsson	1998
Hólmavíkurhreppur-fasteignaskrá	Fasteignamat ríkisins	1996
Strandapósturinn	6.árg. / 8.árg. / 14.árg. / 25.árg. / 27.árg.	
Fyrsti arkitektinn Rögnavaaldur Ólafsson Handrit að sjónvarpsmynd	Björn G.Björnsson	1994
Landið þitt Ísland	Þorsteinn Jósefsson Steindór Steindórsson	1981
Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannanna með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðinni.	Guðmundur L.Hafsteinsson Húsafriðunarnefnd ríkisins	1996
Húsakönnun Stykkishólmi	Hörður Ágústsson	1978
Hofsós, Bæjar-og Húsakönnun Brekkan, Sandurinn, Plássið,Bakkinn	Áslaug Árnadóttir Árni Ragnarsson Húsfríðunarnefnd og Sveitarfélagið Skagafjörður.	1999
Akureyri, Fjaran og innbærinn	Hjörleifur Stefánsson Torfusamtökin	1986

Heimildamenn:

Óli E. Björnsson	Akranesi
Páll Guðmundsson	Þjóðskjalasafni
Örlygur Hálfðánarson	Reykjavík
Kristín Mjöll Kristinsdóttir	Biskupsstofu

LOFTMYNDIR LANDMÆLINGA ÍSLANDS



Hólmavík utan Klifs 17. Júní 1957
Loftmynd Landmælinga Íslands nr. 5516




Hólmavík innan Klifs 17. Júní 1957
Loftmynd Landmælinga Íslands nr. 5516




Gamli hluti Hólmavíkur 1993
Loftmynd Landmælinga Íslands nr. 2562


GAMLAR LJÓSMYNDIR



Hólmavík séð ofan af Kálfaanesborgum um 1910 (Ljósinn. Þorleifur Þorleifsson ÞJMS: Þb 132)



Hólmavík séð ofan af Kálfnaborgum í júlí 1939. (Ljósfr. Hjalmar R. Bárðarson)




Hólmavík séð ofan af Kálfnaborgur milli 1903 og 1906
(Ljósfr. Sigurjón Jónsson ÞJMS: SJ 58)




Hólmavík séð ofan af Kálfnaborgur um 1910
(Ljósfr. Þorleifur Þorleifsson ÞJMS: ÞÞ 132)

SKÝRINGAKORT




Steingrímsfjörður á Ströndum
Mælikvarði 1: 100 000





Hólmavík milli 1880 og 1890

Höfði og Sandrif syðst, Hólmarifstangi þar fyrir norðan og Hólmavík á milli



Byggð á Hólmavík árið 1900






Byggð á Hólmavík árið 1920






Byggð á Hólmavík árið 1940




Byggð á Hólmavík árið 1950




Byggð á Hólmavík árið 1957




Nústandandi hús á Hólmavík byggð fyrir 1918




Hús á Hólmavík í efsta varðveisluflokki húsakönnunar (einkunn 1-3)



Helstu örnefni á Hólmavík



Varðveisluverð göturými á Hólmavík



Mikilvægar sjónlínur og áberandi byggingar á Hólmavík




Mikilvægar sjónlínur á Hólmavík

UPPDRAETTIR

Uppdráttur Ágüsts Bóðvarssonar frá 1944-45, smækkun í 1:5000 úr 1:500
1 metra hæðarlinur.



Úr uppdretti Ágústs Bððvarssonar. M = 1:2000
Bygðin á Hólmarfstaða.




Grunnkort Skipulagsstjóra ríkisins unnið af Hólí hf 1974. 1:5000 úr 1:2000
1 metra hæðarlínur.




HÚSATEIKNINGAR

Pholadivius i Holm

Franklin.



Golf.





rite.

Gafl






Förvarskurður



Storhansens S. smy 1913

Storhansens S. smy

HEIMAVISTASKOLI Á HÓLMAVÍK



Tillaga Guðjóns Samúelssonar 1920 að viðbyggingu Barnaskólans sem hýsa átti heimavist.

**ALDURSRÖÐ HÚSA OG
EFSTI VARÐVEISLUFLOKKUR**

Byggingar á Hólmavík í aldursröð

Ár	Heiti húss	Staðsetning	Ár endaloka	Aldursröð	Hús/10 ár	enn til
???	Beitarhús	A Rílshaus	~1930	1	3	0
???	"Völundarhús"	Brunnagata	?	2		
???	Smábátahröf	Við Sandrif	?	3		
1878	Bær Asgeirs Snæbjörnssonar	Hafnarbraut 1	1883 ?	4	2	0
1884	Bær Sigurðar kirkjusmiðs	Yst á Höfðs	1888?	5		
1895	Langiskúr	Kópnesbraut 2b	~1944	6	5	1
1896	Rís-hús (gæti verið 1897)	Hafnarbraut 39		7		
?	Ishús Rís	Hafnarbraut 39b	1980	8		
?	Fjós og hlaða	Hafnarbraut 39c	1940	9		
1899	"Húskoti V.S."	Höfðagata 3 ?	?	10		
1902	Kaupfélagshúsið (eldra)	Höfðagata 3	1931	11	17	11
1903	Lækniabústaðurinn	Kópnesbraut 7a		12		
	Stöðin	Kópnesbraut 3b		13		
1906	Pakkhús Rís	Hafnarbraut 39		14		
~1910	Timburskúr Guðjóns Brynjólfssonar	Höfðagata 1	c.1990	15		
1911	Steinhúsið	Höfðagata 1		16		
	Sjúkraskýlið (viðbygging)	Kópnesbraut 7b		17		
1913	Barnaskólinn (gamli)	Kópnesbraut 4b		18		
	Guðbjörnshús	"Gorgata 7"	1968	19		
	Björnshús	Kópnesbraut 9		20		
1914	Tómasarhús	Kópnesbraut 4b		21		
1915	Sláturhús Rís	Kópnesbraut 2a		22		
	Hólmavíkurvíti	Vítaklif		23		
1916	Kópnes	Kópnesbraut "16"		24		
~1920	Sláturhús V.S.	"Gorgata 4"	1931	25		
	Hús Önnu Einarsdóttur	Hafnarbraut 37b	1956	26		
	Rafstöðin	Kópnesbraut 2d	~1944	27		
1921	Hrólfssbraggi	"Neðri Tangi 2"		28	22	11
	Piparmýllan	"Gorgata 5"	1963	29		
1922	Hjaltahús	Höfðagata 7		30		
1923	Glaumbær	"Gorgata 9"		31		
1924	Hús Jóns söðla	Kópnesbraut 5		32		
1925	Pakkhúsið	"Neðri Tangi 3"		33		
	Albertshús	Kópnesbraut 1		34		
1926	Benediktshús	Höfðagata 5		35		
	Hesthús	"Gorgata 11b"	~?	36		
1927	Guðjónshús	Hafnarbraut 18		37		
	Skóverkstaði (útihús)	Hafnarbraut 18b		38		
1929	Ishús	Hafnarbraut 16b	1950	39		
	Jónshús (Kristjánsborgarhöll)	Hafnarbraut 20		40		
	Ráðaleysi	"Neðri Tangi 1"		41		
1930	Kífið	Hafnarbraut 27	1970	42		
	Hús Guðm. Jónss. (c.a.1930)	"Gorgata 1"	1963	43		
	Strympa	"Gorgata 11"	1972	44		
	Peringshús	"Gorgata 15"	1972	45		
	Lafahús	Kópnesbraut 8a	1985	46		
	Hús Ingim. Ingimundarsonar (hlaða)	Kópnesbraut 11a		47		
	Mattiesarhús (c.a.1930)	"Gorgata 13"	1972	48		
	Útihús við Stöðina	Kópnesbraut 3ba		49		

1931	Lilla Hella + útihús	Hafnarbraut 4	1998	48	28
	Hús Magnúsar Lýðssonar	Höfðagata 9		49	
	Brynjólfsús	Kópnesbraut 6		50	
1932	Státurhús KSH	"Gorgata 4"	1980	51	
1933	Hvöll	Hafnarbraut 1		52	
	Austurhús KSH	"Neðri Tangi 4"		53	
	Rósuús	Hafnarbraut 25	1979	54	
	Lofthús	Hafnarbraut 37		55	
	Hús Magnúsar Halldórssonar	Höfðagata 11		56	
	Mattíasarhús(c.a.1930)	"Gorgata 13"	1972	57	
1934	Kaupfélagshúsið (yngri)	Höfðagata 3		58	
1935	Ormshús	Hafnarbraut 29		59	
	Hús Árna Gestssonar	Hafnarbraut 18		60	
	Símstöðin	Hafnarbraut 31		61	
	Þórðarhús	Hafnarbraut 35		62	
	Stefnhólt (flutt)	Kópnesbraut 10		63	
1936	Frystihúsið	"Gorgata 2"	1970	64	
	Smíðahúsið	"Gorgata 17"		65	
1937	Hús Guðmundar frá Bæ	Höfðagata 13		66	
	Hús Magnúsar Jónssonar	Brunnagata 1		67	
1938	Dvöl	Kópnesbraut 21		68	
	Snæfell	ofan Kópnesbrautar 9		69	
	Hús Valdimars Guðmundssonar	Brunnagata 7	1994 ?	70	
1939	Höfði	Höfðagata 2		71	
	Hlaðan við Láfahús	Kópnesbraut 8b		72	
1940	Sýslumannshúsið	Hafnarbraut 2		73	
	Heyhlöður	Hafnarbraut 16 c	1950	74	
	Gunnarshús	Hafnarbraut 22		75	
1942	Litli Hvammur	Hafnarbraut 23		76	29
	Hús Ragnars Valdimarssonar	Brunnagata 3		77	
1943	Hraðfrystihús	Kópnesbraut 2c		78	
	Hús Ásgeirs O. Sigurðssonar	Kópnesbraut 11c	1960	79	
	Hús Guðm. Björgvinssonar	Brunnagata 5		80	
1944	Hús Vilhjálms Sigurðssonar	Hafnarbraut 19	1978	81	
	Hús Guðmundar Jóhannssonar	Hafnarbraut 21		82	
	Hús Magnúsar Hanssonar	Kópnesbraut 11b	1963	83	
	Gufubaðstofan	Kópnesbraut 14		84	
1945	Félagshelminni	Brekkugata 4		85	
	Úti á Bórðum	Vitabraut 19		86	
	Hús Péturs Sveinbjarnarsonar	Brunnagata 4		87	
1946	Hús Þorsteins Jónssonar	Hafnarbraut 15		88	
	Barnaskólinn (nýji)	Skólabraut 20		89	
	Sólvangur	Vitabraut 21		90	
	Furuvellir	Hafnarbraut 6		91	
	Skrækhöfði	"Gorgata 19"	?	92	
	Tryggvaskáli	Kópnesbraut 3a		93	
1947	Grimeyjarhús (flutt)	Hafnarbraut 5		94	
	Hús Jóhanns Bergsveinss.	Borgabraut 2		95	
1948	Hús Guðmundar Jónssonar	Hafnarbraut 17		96	
	Hús Guðmundar og Guðstafs	Borgabraut 4		97	
	Fiskimjólsværksmiðja	"Höfðagata 15a)		98	
	Læknisbúsi/ Sjúkrahús	Borgabraut 6		99	
	Hús Gunnlaugs Magnússonar	Kópnesbraut 12		100	
1949	Verkamannabústaðir	Vitabraut 11-13		101	
1950	Sögunarhús Þorsteins Jónssonar	Hafnarbraut 11		102	
	Fjarreitt	"Gorgata 3b"	1960	103	
	Lifrabræðsluskúr	Hafnarbraut 14	?	104	

1952	Bræðraborg	Ofan Kópnesbrautar 7		105	8
1953	Prestbústaðurinn	Kópnesbraut 17		106	
	Hús Rafmagnsveitu ríkisins	Hafnarbraut 33		107	
	Spennistöð	"Gorgata 3a"		108	
	Bilavog	Hafnarbraut 14b	?	109	
1954	Fjárhús Stefáns Jónssonar	Hafnarbraut 9	1981	110	
	Valnsgeymir	Skólabraut		111	
1956	Tafihúsið	Kópnesbraut 13		112	

HOLMÁVIK

HUSAKÖNNUN

HÚS Í EFSTA VARGVEISLUFLOKKI (1-3) OG TELJAST ÞVÍ STYRKHÆF ÚR HÚSAFRÖÐUNARSJÓÐI


Gata og nr. nr. Heiti skf. eyð. Bygg.ár Notkun Bygg.efni Bylist Menn. Umhv. Uppr.Á. Ástand Varðv.g. Hofundur (ark/sm/bygg)

Könnunarskrif	nb	Samaskið	77	42	1913	Opisölv	stærð	3	1	2	3	3	1	Rögnvaldur Ólafsson húsafröðunarsj. (ark)	1
Hafnarbraut 39	Ris-hús	34	20	1897	plnivelt	timbur	2	2	1	1	2	1	2		1
Hafnarbraut 22	Gunnarshús	37	21	1940/1900	lb+Sjð	timbur	3	1	1	2	2	5	2		1
Hofbæjsta 1	Steinhusið	39	23	1911	Þröngst	steinsteypa	2	1	2	3	3	2	2	Jón Guðm. & hla. Tunguþróf (sm)	1
Könnunarskrif 30	Stöðin	74	40	1923	lb+Op	timbur	4	2	2	3	2	3	2	Arf G. Magnússon (bygg)	1
Könnunarskrif 4a	Tómahús	76	41	1914	lb	timbur	2	2	2	2	2	2	2	Jón Guðm. fr. Tunguþróf + Guð. Jónsson (sm)	1
Könnunarskrif 9	Blomshús	84	47	1913	lb+Þm	timbur	2	1	1	1	2	5	2	Guðjón Jónsson snikkari (sm)	1
Könnunarskrif *16	Könnun	94	55	1916	Lanfljóm	timbur	2	1	1	1	1	7	2	Jón Arnason (bygg)	1
															7

Hafnarbraut 7	Gímseljahús	8	4	1947	lb	timbur	2	2	2	2	2	2	3		1
Hafnarbraut 15	Hús Þorsteins Jóns.	11	6	1946	lb	steinsteypa	2	2	2	1	1	1	3	Þorsteinn Jónsson (sm)	1
Hafnarbraut 29	Örnshús	24	11	1935	lb	timbur	3	3	2	2	2	2	3	Valdimar Guðmundsson (sm)	1
Hafnarbraut 18	Guðónshús	28	16	1927	lb	steinsteypa	2	2	2	3	3	3	3	Guðjón Jónsson snikkari (sm)	1
Hafnarbraut 20	Kristínshús	33	19	1929	lb	timbur	3	4	2	3	4	4	3	Guðjón Jónsson og Valdimar Guðm. (sm)	1
Næmi Tungu	Ra/Maleys	38	22	1929	lb+Sjð	timbur	4	2	1	2	3	3	3	Jón "almáttugi" (sm)	1
Hofbæjsta 9	Hús Magn. Lýðes.	48	30	1931	lb	steinsteypa	2	2	2	2	2	2	3	Guð. Jóns. snikkari Valdim. Guðm. (sm)	1
Könnunarskrif 1	Althersshús	60	37	1925	lb	timbur	2	2	1	2	4	4	3	Magnús Magnússon (sm)	1
Könnunarskrif 2a	Rís-sjúkshús	70	38	1915	Sjáflak	timbur	3	1	2	3	5	3	3	Guðjón Jónsson frá Þorlæyn (sm)	1
Hofbæjsta 5	Benediktshús	46	28	1926	lb	timbur	3	3	3	3	1	3	3	Guðjón Jónsson snikkari (sm)	1
Hofbæjsta 7	Hjallshús	47	29	1922	lb	timbur	3	2	3	2	4	3	3	Hjalti Steingrímsson (sm/bygg)	1
Könnunarskrif 5	Hús Jón söðla	78	43	1924	lb	timbur	3	3	3	3	2	2	3	Hjalti Einarsson (sm)	1
Könnunarskrif 7a	Laukshús	80	45	1903	lb+Op/Sjð	timbur	3	1	1	1	3	3	3		1
Könnunarskrif *14	Guðubæstafan	91	52	1944	Mennir	steinsteypa	2	2	2	2	6	3	3	Hjalti Einarsson (sm)	1
Vísbraut 0	Holmraukur	108	67	1915	Sjáflak	stól	2	1	2	2	1	2	3		1
Brekkuvegata 4	Félagshúsið	98	59	1945-46	Mennir	bygg	3	1	4	1	4	4	3		16

Alls

24



Brunaæfingn á Hólmavík.

DV-mynd Guðfinnur

Brunaæfing á gömlu húsi

DV, Hólmavík

Vel þótti þessa í veiði fyrir slökkvilið staðarins þegar húsið að Hafnarstræti 4 var eyðilagt með því að kveikja í því. Allt var skipulagt og undirbúið í þeim tilgangi að æfingin væri að sem bestum notum þegar slökkviliðin eru í hýðlum fólks og miklu skiptir að ganga fram án hlta og mistök mega helst ekki henda hjá nokkrum manni. Nokkrir úr slökkviliðinu æfðu reyklöfun sem var óvenjuleg upplifun fyrir suma. Margir hafa þó verið þátttakendur á námskeiðum Slysevagnfélagsins um björgun

og kunna vel til verka.

Húsið sem eyðilagt var gekk undir nafninu Litlu-Hella - einnig eftir að götuheiti voru tekið upp. Það var reist 1801. Þó að húsið væri ekki stórt hjó þar fyrir á örum oftast margt manna eins og þá var algengt. Lengst af bjuggu þar hjónin Kári Sumarliðason og Helga Jónsdóttir með börn sín, auk vandalaðna. Húsið stóð á sjávarbakkanum, einna yst húsa í kaupvanginu, og heilsaði gestum staðarins vinsalega eins og lúðar þess. Staðið hafði til á annan árstag að rífa það en jafnan kom hið nýja leigenda í veg fyrir það. Síðustu mánuði hafði það staðið autt.

-GP

SVONA GETUR FARÍÐ EF HÚSAKÖNNUN DREGST Á LANGINN !!

(Litlu Hella hefur farið í flokk húsa með hátt varðveislumat vegna mikils umhverfisgildis)

DV 28. Desember 1998

HÚSAKÖNNUN HÓLMAVÍKUR

KÖNNUN OG MAT Á HÚSUM

HÚSASKRÁ
(hús byggð fyrir 1957)

YFIRLIT

Mat á varðveisluþjálfð húsa

Gentlar eru "einkunnir" frá 1 niður í 9 fyrir eftirfarandi gildi:

1. Byggingarlist
2. Menningarsögulegt gildi
3. Umhverfisgildi
4. Úpprunalegt ástand
5. Tæknilegt ástand
6. Varðveislugildi

p.e. hvernig húsið er metið frá sjónarmiði byggingarlistar
 p.e. hvernig hvaða þýðingu húsið hefur fyrir menningarsögu svæðisins eða landsins.
 p.e. hvaða þýðingu það hefur fyrir náslasú umhverfi sit, t.d. götumynd.
 p.e. hvort húsinu hafi mikið verið breytt frá upprunalegu byggingarlisti.
 p.e. í hvaða almennu tæknilegu ástandi húsið er
 Hér er gefin hollðar einkunnir sem m.a. byggir á ofangreindu mati þar sem flok 1, 2 og 3 veita þýngst.

Halt varðveislugildi
 Miðlungs varðveislugildi
 Lágt varðveislugildi

1 til 3
 4 til 6
 7 til 9

Ath. Þau húsi sem lúfa þarman flokks teljast styrkraef úr Húsafróðanarkóða.

HOLMAVIK													
HUSAKÖNNUN													
HUS BYGGÐ FYRIR 17. JÚNÍ 1957 (hús / fyltum reitum standa enn og eru tekið inn í könnunina)													
Gata og nr.	nr.	Heiti	skr.	eyð.	Byggjár	Notkun	Byggjefni	Bylist	Mann.	Umhv.	Uppr.l.	Astand	Varðv.g.
Utan Hafnarbrautar													
v. Sandur		Smábáðahöf	1		?	Sjá	torf						Höfundur (ark/eml/byggj)
A Höfða		Bær Sig. kinnjasm	2		1884-88	lb	torf						Kállanestandiur ?
HAFNARBRAUT													
Hafnarbraut	2	Sýslumannahúsið	3	1	1940	lb+Op	limbur	4	3	1	3	1	4
"Hafnarbraut" *1*		Bær Ásg Snæbj. s.	4		1878-83								Hmr / Guð. Barmúlfr. / Gist. Pólas (ark)
Hafnarbraut	1	Hvöl	5	2	1933	lb	limbur	3	5	2	0	2	5
Hafnarbraut	4	Líða Heiða	6	3	1931-1998	lb	limb./kusk.						Hjalli Einarsson (eml)
Hafnarbraut	5	Áttus Líða Heiða	7		1931-80	Lan./fóð	limbur						Ingimundur Guðmundsson (byggj)
Hafnarbraut	7	Gífneyjarhús	8	4	1947	lb	limb./kusk	2	2	2	2	2	3
Hafnarbraut	9	Fjarhús Skúlness	9		1954-81	Lan./fóð	limbur						
Hafnarbraut	11	Sögundah. Þorst. J.	10	5	1950	lön./verkst	limbur	7	5	6	4	3	7
Hafnarbraut	15	Hús Þorst. Jónss.	11	6	1946	lb	steinsteypa	2	2	2	1	1	3
Hafnarbraut	17	Hús Guðm. Jónss.	12	7	1948	lb	steinsteypa	4	4	3	2	1	5
Hafnarbraut	19	Hús Vilh. Sigurðs.	13		1944-78	lb	limb./lebst						Hjall Einarsson/Valdm. Guðm. (eml)
Hafnarbraut	21	Hús Guðm. Jón.	14	8	1944	lb	limbur	6	6	5	7	2	7
Hafnarbraut	23	Líða-Hvammur	15	9	1942	lb	limbur	5	6	3	4	3	6
Hafnarbraut	6	Furuvelli	16	10	1946	Sjá/fóð	limbur	6	5	6	5	5	7
Hafnarbraut	25	Rósnúfs	17		1933-79	lb	steinsteypa						Guðm. Jónsson snúvar (eml)
Hafnarbraut	14	Líðarbrúðskúli	18		1950-?	Sjá/fóð	steinsteypa						
Hafnarbraut	14b	Blavog	19		1953-?	Sjá/fóð	limbur						

Gata og nr.	nr.	Helli	skv. eyð.	Byggj.ár.	Notkun	Byggj.efni	By list	Menn.	Umhv.	Uppr.l.	Ástand	Varðv.g.	Höfundur (arkísemibýggj)
Hafnarbraut		Báru, skúr	20			timbur							
Hafnarbraut	27	Klæð	21	1930-70	lb	timbur							
Hafnarbraut	16a	Íshús	22	1929-50	Sjá í skv. forð								Jóhann Þorsteinsson (Byggj)
Hafnarbraut	16c	Heyhödur	23	1940-50	Lan í hús	timbur							Valdimar Guðmundsson (arkísemibýggj)
Hafnarbraut	29	Ormskus	24	1935	lb	timbur	3	3	2	2	2	3	Valdimar Guðmundsson (sm)
Hafnarbraut	16	Hús Árna Gessu	25	1935	lb	timbur	6	5	2	6	2	4	Haraldur Guðjónsson (Byggj)
Hafnarbraut	31	Smíðastöðin	26	1935	B+Op	steinsteypa	4	2	2	3	2	5	Sigmundur Halldórsson (sm)
Hafnarbraut	33	Hús Raim Ríkiss	27	1963	B+Op	steinsteypa	3	3	2	4	3	5	Porgj. Sigurðsson (sm)
Hafnarbraut	18a	Skovenkistastöð	28	1927-7	B+Op	timbur	4	3	3	3	3	4	Guðjón Jónsson snikkari (sm)
Hafnarbraut	18	Guðjónshús	29	1927	lb	steinsteypa	2	2	2	3	3	3	Guðjón Jónsson snikkari (sm)
Hafnarbraut	35	Þorðarhús	30	1935(33)	lb	timbur	3	5	3	3	3	4	Valdimar Guðmundsson (sm)
Hafnarbraut	37	Lofthús	31	1933	lb	steinsteypa	3	4	3	3	3	4	Valdimar Guðmundsson (sm)
Hafnarbraut	37b	Hús Önnu Einarss	32	1920-1961	lb	timbur							Hilmar Einarss. Þekkt (hútt að Trélagi)
Hafnarbraut	20	Kristínaborgarhúll (Jónshús)	33	1929	lb	timbur	3	4	2	3	4	3	Guðjón Jónsson og Valdimar Guðm. (sm)
Hafnarbraut	39	Rís-hús	34	1897	Pjónveit	timbur	2	1	1	2	1	2	
Hafnarbraut	39b	Ísfrú	35	1897-1980	Sjá í skv.	timbur							
Hafnarbraut	39c	Fjós og hlada	36	1897-1940	Lan í hús	forð							
Hafnarbraut	23	Gunnarshús	37	1940(1900)	lb+Sjá	timbur	3	1	2	2	5	2	

Gata og nr.	nr.	Heiti	skr.	eyð.	Byggjár	Notkun	Byggjefni	Bylist	Menn.	Umhv.	Uppr.l.	Astand	Varðv.g.	Höfundur (ark/smi/byggj)
HÖFDAGATA OG "NEDRI TANGI"														
Nedri Tangi	"1"	Raðaleysi	38	22	1929	lb+sja	limbur	4	2	1	2	3	3	Jón "almáttugi" smi
Höfdagata	1	Steinhusó	39	23	1911	Þingist	steinsteypa	2	1	2	3	2	2	Jón Guðm.s he Tungugróf (smi)
Höfdagata	1a	Skur Guð Bryn]	40		-1910-90	Veirgey	limbur							
"Nedri Tangi"	"2"	Höfðstragð	41	24	1927-2000	Sjáútg	limbur	4	1	3	2	5	3	
Höfdagata	3	Húskofi			1929 ?	Þingkaupf	limur ?							
Höfdagata	3	Kaupfélagó	42		1962-31	Þingkaupf	limbur							
